

Guðrún Karlsdóttir

Kennsluleiðbeiningar við

Híbýli vindanna

eftir Böðvar Guðmundsson

Mál og menning, 1998

Efnisyfirlit:

I. Kennsluáætlun	3
II. Yfirlit yfir verkefni:	9
Hópverkefni	9
Íhugunarefni (lestrardagbók)	10
Ritunarefni	10
Stafsetningarverkefni	10
Orðsifjaverkefni	12
Orðskýringarverkefni	13
Orðabókarverkefni	13
III. Próf	15
Ritgerðarverkefni	19
IV. Málfræðiverkefni	20
Orðræðugreining	28
V. Orðskýringar	31

Formálsorð:

Hluta af þeim verkefnum sem hér fara á eftir notaði ég veturinn 1997-'98 í tengslum við kennslu á **Híbýlum vindanna** eftir Böðvar Guðmundsson. Þar sem um frumkennslu á bókinni var að ræða reyndi ég að skipuleggja hverja kennslustund eins ítarlega og kostur var. Ekki tókst að fylgja áætluninni út í æsar og var því ástæða til þess að endurskoða ýmislegt og færa til betri vegar. Sú hugmynd að biðja nemendur um að íhuga tiltekið efni heima og skrá hjá sér reyndist vel. Nemendur voru fúsir til þess að ræða þessi efni en fengu allt of stuttan tíma til þess. Töluverður tími fór í að rifja upp söguefnið, þann tíma hefði ég vilja stytta. Það reyndist þó nauðsynlegt fyrir þá nemendur sem eru seinir að lesa og ná ekki söguþræðinum án hjálpar. Ég tel mjög mikilvægt að nemendur skrifi eitthvað í hverri kennslustund, vinni einstaklings-, para- eða hópverkefni (það er ekki hægt að halda uppi umræðum í heila kennslustund). Hugmyndir að nokkrum ritunar- og hópverkefnum sem nefnd eru í áætluninni fékk ég í bókinni **Literature in the Language Classroom** eftir Joanne Collie og Stephen Slater.

Bókmenntatextinn (**Híbýli vindanna**) var til ýmissa hluta nytsamlegur. Jafnframt því að vera notaður til þess að æfa réttritun var hann nýttur á annan hátt, sbr. 12. kennslustund í áætlun. Þar sem setningafræði var einnig á dagskrá í 1. bekk umrætt misseri, fannst mér tilvalið að skoða **Híbýli vindanna** með tilliti til setningafræðilegra atriða, s.s. gerð setninga í texta og orðaröð. Í framhaldi af þeirri tilraun var hugmyndin útfærð enn frekar. Ég ákvað að taka efnið fyrir í lokaverkefni

mínu til M.Paed.-prófs og útbúa málfræðiverkefni úr umræddum texta með hliðsjón af málnotkun (málfræði, setningafræði og stíl). Sýnishorn af því efni læt ég fylgja með.

I. Kennsluáætlun

Tæplega 50 blaðsíður lesnar á viku eða 336 bls. á 7 vikum (15 kennslustundir). Lespróf eru þrjú (tvö fyrstu eru blanda af krossa- og S og Ó spurningum). Nemendur nota **Handbók um ritun og frágang** eftir Þórunni Blöndal og Ingibjörgu Axelsdóttur við skrifin og er vísað til hennar eftir þörfum. Öll ritunar- og íhugunarverkefni fara í ritunarmöppu sem kennari les.

I. VÍKA

1. og 2. kennslustund:

Nemendur kynna höfundinn. Hópvinna (4-5).

- Taka saman ævisögu höfundar í stuttu máli. Sýna myndir úr fjölskyldualbúminu. (Sjá **Skáldið sem sólin kyssti** eftir Silju Aðalsteinsdóttur.)
- Kynna stuttlega fyrri verk höfundar.
- Fjalla um tilurð sögunnar. - Um efnið má lesa í grein eftir Böðvar G. í **TMM 1997 4. tbl.**
- Fjalla um heimildasöfnun höfundar - hvar leitaði hann fanga? (Sama grein.)
- Fjalla um bókarkápu (myndir og texta) - segir hún lesanda e-ð um innihald bókarinnar?
- Dagblaðagagnrýni um bókina. Skriðið stutta greinargerð um afstöðu gagnrýnenda, jákvæða og neikvæða. (Nem. geta fengið ljósrit af ritdómum í Borgarbókasafni.)

Heimavinna: Lesa undir próf úr bls. 7-101. Nemendur kanna hvort einhverjir ættingjar þeirra hafi flust til Vesturheims.

Athugasemd:

Gert er ráð fyrir að nemendur íhugi heima ákveðið efni sem kennarinn skrifar á töflu/glæru í lok hverrar kennslustundar (sjá yfirlit í II. hluta hér á eftir). Ætlast er til þess að nemendur skrái þessar hugleiðingar enda séu verkefnið metin til einkunna.

3. kennslustund:

- Hver kennslustund hefst á því að nokkrir nemendur ræða íhugunarefni dagsins en í þetta skipti eru allir nemendur spurðir. (Nemendum þótti verkefnið skammtilegt, margir höfðu komist að ýmsu fróðlegu um ættingja sína.)
- Lespróf **í lok tímans**, tekur 10-12 mínútur. (Sjá próf 1 í III. hluta.)

Í þessum tíma eru eftirfarandi hugtök kynnt:

- Frásagnaraðferð.** Sögumaður skrifar bréf til dóttur sinnar og segir henni sögu ættingja þeirra sem fluttust vestur um haf. (Sumir nemendur eiga erfitt með að greina á milli sögumanns og höfundar.) Sögumaður er hlutdrægur, tekur afstöðu til efnisins. Hann kemur með persónulegar athugasemdir um leið og hann t.d. ávarpar Pat. Truflar það lesandann? Hvað vitum við um sögumanninn? Ýmsar upplýsingar koma fram um hann sem hægt er að ræða. Sýnið nemendum ættartré á glæru.

2. **Sögusvið - umhverfi.** Bréfið er skrifað í Vancouver - ættarsagan hefst í Reykjavík, síðan koma Borgarfjörður, Miðfjörður, Borgarfjörður og Reykjavík, Skotland og Kanada.
3. **Sögutími.** Hvernig má finna út tímann? Bréfið skrifar sögumaður í nútímanum en frásögnin af Jens Ólafssyni hefst um 1809. Sjá bls. 46 þar sem fortíð og nútíð mætast. Athuga að sendibréfin í bókinni eru ekki í rétttri tímaröð (á bls. 89 er bréf frá 1899 og á bls. 258 bréf frá 1875).

Heimavinna: Lesa áfram í bókinni, næsta lespróf verður úr bls. 102-196.

Þankahrið: a) Jens Ólafsson b) Málmfríður Franzdóttir (nem. skrifar 10 atriði um hvort).

4. kennslustund:

Nem. lesi upp íhugunarefni (tekur 5 mín.).

Stutt stafsetningaræfing lesin upp af bls. 11. Hér reynir á i/y-reglur, (10 mín.) í lok tímans. Nem. fara yfir heima. (Sjá dæmi um textabrot í II. hluta.)

Efnið reifað (að bls. 72). Glæra með umræðupunktum:

- Klettafjallaskáldið. Vísað til Stephans G. Stephanssonar (19).
- Séra Jón Grímsson í Stóru-Tungu.
- Staða Málmfríðar í Stóru-Tungu.
- Vinnufólkið þar og afstaða þess til Jórunnar.
- Stéttaskipting.
- Samband séra Jóns og Jórunnar.
- Ólafur verður forsöngvari.
- Heiðarferð Ólafs og Einars vinnumanns. Þrisvar í kaflanum er gefið í skyn að hamingjudögum Ólafs fari nú fækkandi. Á hvern hátt er það gert?
- Andlát og útför séra Jóns Grímssonar. Ólafur skilur nú hatur Einars.

Heimavinna: Ritunarverkefni: Hæfileikar Ólafs (skrifa eina blaðsíðu og skila eftir viku). Íhugunarefni: Framtíðarsýn ungs manns á þessum tíma.

II. VÍKA

5. kennslustund:

Nemendur ræði íhugunarefnið (5-7 mín.).

Efni bls. 72-83 reifað (5 mín). Glæra:

- Nýi presturinn í Stóru-Tungu, séra Helgi, flæmir Jórinni og Ólaf að Narfastöðum þar sem hún giftist aftur.
- Ólafur fer norður í Miðfjörð. Hittir Sæunni Hjálmarsdóttur.

Tímaverkefni: Að skrifa tækifærisræðu. Nem. skipt í (6) hópa, tveir hópar setja sig í spor Ólafs, tveir í spor Jórunnar og tveir í spor Hjörþórs ráðsmanns og skrifa stutta ræðu sem þau flytja í brúðkaupi Einars og Ketilbjargar. Fulltrúi hvers hóps lesi upp ræðu hópsins.

Heimavinna: Lespróf (lesa heima bls. 102-196). Nemendur íhugi og svari eftirfarandi spurningum: Datt þér í hug að Ólafur og Sæunn myndu giftast þegar þú last um þeirra fyrsta fund? Hvers vegna? Hvernig heldur þú að hjónaband þeirra muni lukkast?

6. kennslustund:

Nemendur ræði íhugunarefni.

Stutt stafsetningaræfing (bls. 64). (Sjá nánar í II. hluta.)

Glæra (84-102):

- Sögusvið: Miðfjörður. Þorsteinn Þ. og Ólöf á Hömrum. Þangað ræðst Ólafur.
- Lagar sextant fyrir útlendan lávarð og skipstjóra.
- Syngur í Gnúpakirkju.
- Kvænist Sæunni.
- Enginn vill Sæunni og Ólaf í vinnu. Hvers vegna?
- Hreppaflutningar.
- Barnsfæðing á heiðinni.

Lespróf (10-12 mín.). (Sjá próf 2 í III. hluta.)

Heimavinna: Lesa bls. 102-153. Íhugunarefni: Sundraðar fjölskyldur: Nemendur setji sig í spor þess sem komið er fyrir hjá vandalausum. Ritunarverkefni: Mannlýsing (sjá fyrirmæli í II. hluta).

III. VÍKA

7. kennslustund:

Stutt greinargerð nemenda um íhugunarefnið.

Umræða. Stikla á efnisatriðum. Glæra:

- Fjölskyldan leyst upp. Fátækt - niðurlægning. Hvernig birtist hún?
- Hverjir tóku við Sæunni, Ólafi, börnunum? (Stóra-Tunga, Reykir, Borg og Narfastaðir.) Jökulsá átti að duga sem getnaðarvörn.
- Talað er um gott og vont fólk í sveitinni. Hvað er átt við með því?
- Salómon og Sigríður að Hnausum.
- Búskaparbasl á Seyru. Hvernig drógu þau fram lífið?
- Smíðar, vefnaður, veiðar, ferjumennska - söngur, spil. Hugtakið „vinna” á þessum tíma?
- Stjórnarskránni fagnað í Borgarfirði (árið 1874).
- Ameríkuferðir kynntar. (Ítarefni: **Nýja Ísland** eftir Guðjón Arngrímsson og viðtal sem birtist í **Morgunblaðinu** 24. maí 1998 við Vestur-Íslendinginn Lillian Vilborgu MacPherson.) Hvernig taka menn boðskapnum? Hefur þetta áhrif á sögupersónur okkar?
- Uppboð á Seyru.
- Hreppurinn borgar fargjaldið fyrir fjölskyldu Ólafs til Kanada. Fara þau öll?

Heimavinna: Íhugunarefni fyrir næsta tíma: Þykja þér Sæunn og Ólafur hafa gert rétt í því að flytjast vestur um haf? Rökstyddu svarið. Ritunarverkefni: Dagbók Sæunnar (sjá fyrirmæli í II. hluta).

8. kennslustund:

Íhugunarefni: Nemendur segi frá og rökstyðji skoðun sína. Nemendur fá mannlýsingarverkefni til baka frá kennara og nokkrir lesa upp eina efnisgrein úr eigin verki (12-15 mín.).

Hópvinnu næsta tíma undirbúin. Nemendum skipt í hópa (6) og verkefnum (á glæru) úthlutað. Þeir geta rætt saman í nokkrar mínútur og skipt með sér verkum.

- **Hópur 1:** Skrifar samtal Sæunnar og Ólafs þegar þau ákveða að flytjast til Kanada sbr. bls. 142: „Nú veit enginn hvernig orð féllu milli Seyruhjóna þessa nótt, en staðreynd er að nokkrum dögum seinna fór Ólafur fiólin til fundar við J. Auðunsson hreppstjóra og sagði honum að hann ætlaði að flytja til Ameríku.”
- **Hópur 2:** Samskipti Ólafs við sveitunga sína. Tveir nem. velja sér eina persónu (aukapersónu) og segja frá samskiptum hennar og Ólafs. Dæmi: Salómon á Hnausum, Sigríður á Hnausum, séra Kolbeinn mörsugur.
- **Hópur 3:** Samantekt um samferðarfólk Ólafs og Sæunnar þar sem eftirtalin atriði koma fram: Nafn, búseta, ástæða fyrir flutningi og stutt persónulýsing (ein persóna á nemanda).
- **Hópur 4:** Hver nemandi skrifar dagbók fyrir eina sögupersónu frá því að skipið leggur frá landi í Reykjavík þar til Íslendingahópurinn stígur á skipsfjöl í Glasgow.
- **Hópur 5:** Myndasýning. Nemendur leita að myndum (tvær myndir á mann) frá þessum tíma eða svipuðum (t.d. í **Nýja Íslandi**). Setja á glæru og semja myndatexta.
- **Hópur 6:** Farþegaskip á síðari hluta 19. aldar. Nemendur fjalla um lífið á farþegaskipum sem sigldu til Ameríku á þessum tíma. Þeir a) leiti að heimildum þar sem lýst er aðbúnaði farþega (á mismunandi farrýmum) og b) fjalli um hvernig Ólafi og samferðarfólki hans reiddi af yfir hafið til Ameríku. (Sjá t.d. **Nýja Ísland** bls. 93-99.)

Heimavinna: Undirbúningur fyrir hópvinnu.

IV. VÍKA

9. og 10. kennslustund:

Nemendur vinna í hópum og gera grein fyrir niðurstöðum, æskilegt er að allir nemendurnir láti í sér heyra.

Heimavinna: Stafsetning - orðsifjar. Nemendur finni 8 orð á bls. 129 sem eru rituð með **y, ý, ey**, segi hvað þau merkja og finni skyld orð. (Sjá nánar í II. hluta.)

Íhugunarefni: Fyrsta utanlandsferðin og tungumálaerfiðleikar. Reynsla nemenda sjálfra.

Lesi áfram í bókinni.

V. VÍKA

(Bl. 199-253 lesnar.)

11. kennslustund:

Fara yfir heimaverkefni. Glæra (sjá orðsifjaverkefni í II. hluta).

Reynslusögur nem. (íhugunarefnið).

Umræðuefni dagsins: (Ítarefni: **Nýja Ísland** bls. 99-107.)

Forystumenn landnema, leiðtogar og túlkar.

1) Sighvatur Þingmann:

a. Lýsið manninum (bls. 209-212 einnig bls. 218 og 227). Ath. t.d. útlit og klæðaburð.

b. Fjalla um hlutverk hans sem leiðbeinanda Íslendinga (Ólafs, Sæunnar og samf. fólks) og þátt hans í stofnun íslensku nýlendunnar.

2) Jón Kolfreyr.

Heimaverkefni: Ritunarverkefni (fer í ritunarmöppu). Nem. skrifi um stöðu íslensku konunnar í Kanada (eða Kinmount). Alls fjórar efnisgreinar: inngang, meginmál (tvær efnisgr.) og niðurlag (eigið mat).

Nem. undirbúi sig undir að skrifa stafsetningaræfingu í næsta tíma og lesi bls. 160 vel. Athugi vandrituð orð og áætli hve margar villur þeir muni gera.

12. kennslustund:

Stafsetningaræfing. Upplestur (bls. 160 frá **Áður en kóngurinn ...**). Nemendur fari yfir sjálfir.

Efnisatriði reifuð t.d.:

Koman til Québec (læknisskoðun) - Ferðin til Toronto og dvölin í innflytjendahúsinu.

Ole Bull. Hvers vegna þykir Íslendingunum undarlegt að hægt sé að verða ríkur á hljóðfæraleik?

Hugsanir Ólafs fiólíns.

Verkefni í kennslustund (fer í ritunarmöppu). Þetta verkefni tengist setningafræði, þ.e. umræðu um grundvallarorðaröð í íslensku og frávik frá henni. Nemendur athuga texta Böðvars í þessu tilliti en reyna svo sjálfir að beita mismunandi orðaröð í skrifum sínum. Skrifa bréf: Sögupersóna skrifar heim til Íslands. (Nemendur velja sjálfir sendanda og viðtakanda.)

Efni: Ferðin frá Québec til Kinmount og fyrstu dagarnir þar.

Lengd: Ein blaðsíða. Lesa um ritun bréfa bls. 12-13 í **Handbók um ritun og frágang**.

Heimavinna: Lesa undir próf úr bls. 199-336. Íhugunarefni: Kynþáttafordómar eins og þeir birtast í bókinni.

VI. VIKA

13. kennslustund:

Reifa íhugunarefnið. Ræða stuttlega þau þjóðarbrot sem nefnd eru í sögunni (5 mín.).

Orðskýringar - Hópvinna. Hver hópur fær 10 blaðsíður (tvær blaðsíður á mann), leitar að orðum sem nem. þykir rétt að útskýra, flettir þeim upp í orðabókum og skráir merkingu. Kennari ljósritar afraksturinn. (Hér getur kennari litið á orðskýringarlista í V. hluta og valið þær blaðsíður sem honum þykja „bitastæðastar“.) Einnig getur t.d. einn hópur tekið orð sem notuð eru um búskap/heyskap, annar getur skýrt orð um söng/tónlist, þriðji fjallað um orðaforða í veðurlýsingum t.d. veðursagnir o.s.frv. Þá verður að velja blaðsíður með tilliti til þess.

Heimavinna: Til þess að fylgja þessu enn frekar eftir (og auka orðaforða nemenda) má biðja þá að fletta upp í **Íslenskri samheitaorðabók** og leita að öðrum orðum sem hafa sömu merkingu og **eitt** (eða fleiri) af þeim orðum sem þeir skýrðu í skólanum.

Vinna með **Íslenska orðsifjabók** kemur einnig til greina. Ritunarefni kynnt: Staða íslensku konunnar í Kinmount (eða Kanada) (sjá nánar í II. hluta).

Lespróf í lok tímans (10 mín.). (Próf 3 í III. hluta.)

14. kennslustund:

Umræðupunktur (á glæru):

- Efasemdir Íslendinga um betra líf í Kanada. Hvernig birtast þær?
- Hlutverk Moses Taylors. (Ath. Bibliútilvitnanir.)
- Afstaða sögumanns. Hvernig birtist hún?
- Ólafur fiólín á Íslandi og í Kanada. Verður einhver breyting á honum sjálfum og hans högum í Vesturheimi? Hvaða skoðanir hefur hann á stofnun íslensku nýlendunnar?
- Þáttur tónlistar í veikindum og dauðastríði sögupersóna (Málmfríðar og Sæunnar).

Heimavinna: Íhugunarefni: Kom þér á óvart að Ólaf fiólín langaði aftur heim til Íslands? Hvers vegna? Hvaða hluti sögunnar er bestur að þínu mati. Hvers vegna?

VII. VIKA

15. kennslustund:

Íhugunarefni rætt. Verkefni dagsins: Skrifa útdrátt um efni bókarinnar í fimm málsgreinum. Hópvinna (5 í hópi): Hver nemandi í hópnum skrifar fyrstu málsgreinina, réttir síðan sessunaut á hægri hönd blaðið, sá skrifar aðra málsgrein og lætur næsta mann (á hægri hönd) fá blaðið o.s. frv. Að lokum hefur hópurinn undir höndum 5 útdrætti. Við þeim tekur næsti hópur. Hver hópur fer yfir útdrættina, velur þann sem honum líkar best og rökstyður afstöðu sína.

II. Yfirlit yfir verkefni

Hópverkefni:

A.

Nemendur kynna höfundinn. Hópvinna (4-5).

1. Taka saman ævisögu höfundar í stuttu máli. Sýna myndir úr fjölskyldualbúminu. (Sjá **Skáldið sem sólin kyssti** eftir Silju Aðalsteinsdóttur.)
2. Kynna stuttlega fyrri verk höfundar.
3. Fjalla um tilurð sögunnar. - Um efnið má lesa í grein í **TMM 1997 4. tbl.** eftir Böðvar Guðmundsson.
4. Fjalla um heimildasöfnun höfundar - hvar leitaði hann fanga? (Sama grein.)
5. Fjalla um bókarkápu (myndir og texta) - segir hún lesanda e-ð um innihald bókarinnar?
6. Dagblaðagagnrýni um bókina. Skrifa stutta greinargerð um afstöðu gagnrýnenda, jákvæða og neikvæða. (Ljósrit af ritdómum má fá á bókasöfnum.)

B.

Nemendur skrifa tækifærisræðu. Skipt í (6) hópa, tveir hópar setja sig í spor Ólafs, tveir í spor Jórunnar og tveir í spor Hjörtþórs ráðsmanns og skrifa stutta ræðu sem þau flytja í brúðkaupi Einars og Ketilbjargar. Fulltrúi hvers hóps lesi upp ræðu hópsins.

C.

Hópvinna undirbúin áður en starfið hefst. Nemendum skipt í hópa (6) og verkefnum úthlutað (á glæru). Þeir ræða saman í nokkrar mínútur og skipta með sér verkum.

- **Hópur 1:** Skrifar samtal Sæunnar og Ólafs þegar þau ákveða að flytjast til Kanada sbr. bls. 142: „Nú veit enginn hvernig orð féllu milli Seyruhjóna þessa nótt, en staðreynd er að nokkrum dögum seinna fór Ólafur fiólín til fundar við J. Auðunsson hreppstjóra og sagði honum að hann ætlaði að flytja til Ameríku.”
- **Hópur 2:** Samskipti Ólafs við sveitunga sína. Tveir nem. velja sér eina persónu (aukapersónu) og segja frá samskiptum hennar og Ólafs. Dæmi: Salómon á Hnausum, Sigríður á Hnausum, séra Kolbeinn mörsugur.
- **Hópur 3:** Samantekt um samferðarfólk Ólafs og Sæunnar þar sem eftirtalin atriði koma fram: Nafn, búseta, ástæða fyrir flutningi og stutt persónulýsing (ein persóna á nemanda).
- **Hópur 4:** Hver nemandi skrifar dagbók fyrir eina sögupersónu frá því að skipið leggur frá landi í Reykjavík þar til Íslendingahópurinn stígur á skipsfjöl í Glasgow.
- **Hópur 5:** Myndasýning. Nemendur leita að myndum (tvær myndir á mann) frá þessum tíma eða svipuðum (t.d. í **Nýja Íslandi**). Setja á glæru og semja myndatexta.
- **Hópur 6:** Farþegaskip á síðari hluta 19. aldar. Nemendur fjalla um lífið á farþegaskipum sem sigldu til Ameríku á þessum tíma. Þeir a) leiti að heimildum þar sem lýst er aðbúnaði farþega (á mismunandi farrýmum) og b) fjalli um hvernig Ólafi og samferðarfólki hans reiddi af yfir hafið til Ameríku. (Sjá t.d. bls. 93-99 í **Nýja Íslandi**)

D.

Skrifa útdrátt um efni bókarinnar í fimm málsgreinum. Unnið í hópum (5): Hver nemandi í hópnum skrifar fyrstu málsgreinina, réttir síðan sessunaut á hægri hönd blaðið, sá skrifar aðra málsgrein og lætur næsta mann (á hægri hönd) fá blaðið o.s. frv. Að lokum hefur hópurinn undir höndum 5 útdrætti. Við þeim tekur næsti hópur. Hver hópur fer yfir útdrættina, velur þann sem honum líkar best og rökstyður afstöðu sína.

Lestrardagbók - ihugunarefni

1. Nemendur kanna hvort einhverjir ættingjar þeirra hafi flust til Vesturheims.
2. Þankahrið: a) Jens Ólafsson b) Málmfríður Franzdóttir (nem. skrifar 10 atriði um hvort).
3. Framtíðarsýn ungs manns á sögutímanum.
4. Datt þér í hug að Ólafur og Sæunn myndu giftast þegar þú last um þeirra fyrsta fund? Hvers vegna? Hvernig heldur þú að hjónaband þeirra muni lukkast?
5. Sundraðar fjölskyldur: Nemendur setji sig í spor þess sem komið er fyrir hjá vandalausum.
6. Þykja þér Sæunn og Ólafur hafa gert rétt í því að flytjast vestur um haf?
7. Fyrsta utanlandsferðin og tungumálaerfiðleikar. Reynsla nemenda sjálfra.
8. Kynþáttafordómar eins og þeir birtast í bókinni.
9. Kom þér á óvart að Ólaf fiólín langaði aftur heim til Íslands? Hvers vegna? Hvaða hluti sögunnar er bestur að þínu mati. Hvers vegna?

Ritunarverkefni

1. Hæfileikar Ólafs (skrifu eina blaðsíðu og skila eftir viku).
2. Mannlýsing. Veldur þér eina persónu í sögunni til þess að skrifa um (sjá bls. 15 í **Handbók um ritun og frágang**). Lýstu útliti hennar (ef unnt er) og persónuleika. Láttu þitt mat fylgja lýsingunni. Lengd: u.þ.b. ein vérlituð síða.
3. Dagbók Sæunnar. Settu þig í spor Sæunnar og skrifaðu um það sem fyrir ber í Glasgow og Edinborg.
4. Staða íslensku konunnar í Kanada (eða Kinmount). Alls fjórar efnisgreinar: inngangur, meginmál (tvær efnisgr.) og niðurlag (þar sem fram kemur eigið mat).
5. Bréfaskrif. Verkefnið tengist setningafræði, þ.e. umræðu um grundvallarorðaröð í íslensku og frávik frá henni. Nemendur athugi texta Böðvars í þessu tilliti en reyni svo sjálfir að beita mismunandi orðaröð í skrifum sínum.

Fyrirmæli: Sögupersóna skrifar heim til Íslands. (Nem. velji sjálfir sendanda og viðtakanda.) Efni: Ferðin frá Québec til Kinmount og fyrstu dagarnir þar.
Lengd: Ein blaðsíða. Lesa um ritun bréfa bls. 12-13 í **Handbók um ritun og frágang**.

Stafsetningarverkefni

Nemendur undirbúa sig heima, lesa textann, athuga rithátt ákveðinna orða, rifja upp stafsetningarreglur. Einnig eru valin orð krufin í orðeiningar, stofn og endingar (rætur, viðskeyti og forskeyti). Hver upplestur tekur ekki lengri tíma en 10 mínútur.

Gott er að fara strax yfir æfinguna og skrá villufjölda. Þessi verkefni fara í verkmöppu með öðrum ritunarverkefnum.

1. Stutt stafsetningaræfing lesin upp bls. 11. Hér reynir á i/y-reglur (10 mín.). Nem. fara yfir heima.
2. Stafsetningaræfing (bls. 37).
3. Stafsetningaræfing (bls. 64).
4. Stafsetning - orðsifjar. Nemendur finni 8 orð á bls. 129 sem eru rituð með **y, ý, ey**, segi hvað þau merkja og finni skyld orð.
5. Nemendur lesa bls. 160 vel. Athugi vandrituð orð og áætli hve margar villur þeir muni gera - leiðrétti sjálfir.

Upplestur - textabútar úr Híbýlum vindanna

Ég notaði ekki öll eftirtalin verkefni en læt þau samt fljóta með.

Ath. hér t.d. i/y-reglur:

Þessi mynd af honum afa mínum, ásamt þökkum og fyrirbænum gömlu konunnar, rifjaðist upp fyrir mér þegar ég kom í heimsókn í skóla meistara Suzukis í Kagoshima í Japan. Þar sátu tuttugu nemendur saman í sal með heyrnartæki á eyrum og slógu þögla rafmagnsflygla. (Bls. 11.)

Hér reynir á n/nn-reglur:

Einn góðan veðurdag þar sem Ólafur situr og sargar veit hann ekki fyrir til en undarleg vera kemur í gætt smalakofans. Það er maður, ef mann skyldi kalla. Ógnarlangur og mjór. Hann er með háan hatt á höfði, hatturinn sá hefur átt sér betri daga. Undan hattinum fellur grásprengr hár á herðar niður, maðurinn er í rifinni kápu utan yfir rifinni úlpu utan yfir trosnaðri peysu. (Bls. 37.)

Hann hlustaði góða stund á hljóð heiðarinnar renna saman við hrotur Einars. Reyndar var þetta sá tími sólarhringsins sem flest var þögult. Mývargurinn hafði lagt sig og hrossin voru í óðaönn að fylla sig fast við tjaldið, kropp þeirra og traðk lét undarlega í eyrum, af og til frísaði einhver hesturinn ofan í grastoppinn sinn. Einmana lómur hljóðaði sáran langt úti á vatninu. (Bls. 63-64.)

Þegar þeir höfðu gengið frá veiðinni drógu þeir aftur á stökkinn, nokkrir silungar höfðu gengið í hann um nóttina, nú urðu þeir að gjalda þeirrar glópsku sinnar með lífinu. Þar á eftir reru þeir út í Andey. Það var sendin hæð sem stóð upp úr vatninu góðan spöl frá landi, hún var kannski tuttugu faðmar á kant og var þéttvaxin hvönn. Andahreiðrin voru falin í hvannstóðinu. Það var mikið garg og uppnám í eynni (Bls. 64.)

Þegar þeir vöknudu morguninn eftir var komin kalsarigning með vindstrekkingi. (Bls. 64-65.)

Kennimyndir sagna og orsakasagnir

Nemendur skrifa eftir upplestri og finna orsakasagnir sagnanna **bíta** og **skríða**. Sögnin að **reisa** er orsakasögn. Af hvaða sögn er hún mynduð?

Þeir reistu tjaldið, mýbitið var orðið óþægilegt, hestarnir vingsuðu töglunum án afláts og bitu sig. Þeir skriðu inn í tjaldið til að borða nestið, þar réðst mývargurinn ekki á þá. „Svo drögum við á stökkinn,” sagði Einar, þegar þeir höfðu matast. (Bls. 62.)

Ýmislegt: yfsilon - reglur - þátíð sagna - -n/-nn reglur

Áður en kóngurinn setti tiginn fót sinn á íslenska grund létu framámenn staðarins timbra saman bryggjuhaus úr plönkum í flæðarmálinu. Fremst á bryggjuhausnum létu þeir reisa tvær renglur upp á endann sem fánastengur sína hvorum megin við praktportið sem Sigurður málarí skreytti listuglega með sortulyngi og eini sem hvort tveggja var rífið austur í Þjórsárdal ... (Bls. 160.)

Loks skreiddust flestir út undir bert loft, burt úr daun og gubbustegg og horfðu undrandi til allra átta, þar var hvergi land að sjá eins langt og augað eygði, yfir þeim hvelfdist blýgrár himinn og rann saman við blýgrátt hafið í kennileitalausan sjóndeildarhring. (Bls. 165.)

Árdegis daginn eftir var himinninn orðinn skafheiður og þau sáu háa eyju rísa úr hafi framundan skipinu, fjær á bakborða sá á nokkrar lægri eyjar. Skömmu síðar sigldi Lára undir þverhnipt bjarg. Til suðurs sáu þau mistraðar, lágar hæðir við sjóndeildarhring. (Bls. 165.)

Glæra:

- Orðhlutar. Beygðu orðið **himinn** í eintölu með greini og sýndu mun á stofni og beygingarendingum.
- Stofn lýsingarorða. Athugaðu gerð orðanna: **þverhnipt** og **lágur**.
- Hvað merkir lýsingarorðið **mistraðar**? Beygið nafnorðið í eintölu og segið hvaða kyn orðið er.

Sjá einnig bls. 66 til þess að æfa i/y- reglur.

Nemendur geta sjálfir valið textabút og skoðað orð þar sem reynir t.d. á **j**-reglur o.s.frv.

Orðsifjaverkefni (Tekið fyrir í 11. kennslustund.)

Sýndi þessa glæru eftir að hafa farið yfir verkefnið og spurt nemendur út úr. Nemendur fundu fleiri orð en hér eru talin.

Finnið **átta orð** bls. 129 sem er rituð með **y, ý, ey**. Segið hvað þau merkja og finnið skyld orð.

- 1) **reyfi** no. „samfelld aftekin ull af einni sauðkind”, so. **reyfa** „rífa, reyta”, skyld orð: *rauf, rjúfa, rof, rofna*.
- 2) **yrðlingur** „tófuungi” er leitt af *urð*.
- 3) **misþyrma** „vægja, hlífa, sýna mjúklæti og miskunn” af so. eru leidd no. **þyrming** (hlífð), **þyrmd**. Af **þormur** „mildi” (viðliður sbr. Guðþormur eða Guttormur) er leidd so. **þyrma**.

- 4) **bankabyggsskjóðan**, bygg er sérstök korntegund, sænska: **bjugg**. Líklega skylt so. **búa** og **byggja**.
- 5) **tóbaksleysi** „skortur”, leitt af **laus**.
- 6) **treystir**, leitt af **traust** (danska **tröste**).
- 7) **Reykjabúið** leitt af **rauk**, af so. **reykja** er leitt no. **reyking**.

Orðskýringarverkefni - hópvinna (Tekið fyrir í 13. kennslustund.)

Orðskýringar - Hópvinna. Hver hópur fær 10 blaðsíður (tvær blaðsíður á mann), leitar að orðum sem nem. þykir rétt að útskýra, flettir þeim upp í orðabókum og skráir merkingu. Kennari ljósritar afraksturinn. (Hér getur kennari litið á orðskýringarlista í V. hluta og valið þær blaðsíður sem honum þykja „bitastæðastar”). Einnig getur t.d. einn hópur tekið orð sem notuð eru um búskap/heyskap, annar getur skýrt orð um söng/tónlist, þriðji fjallað um orðaforða í veðurlýsingum t.d. veðursagnir o.s.frv. Þá verður að velja blaðsíður með tilliti til þess.

Til þess að fylgja þessu enn frekar eftir (og auka orðaforða nemenda) má biðja þá að fletta upp í **Íslenskri samheitaorðabók** og leita að öðrum orðum sem hafa sömu (svipaða) merkingu og **eitt** (eða fleiri) af þeim orðum sem þeir skýrðu í skólanum. Vinna með **Íslenska orðsifjabók** kemur einnig til greina, t.d. geta nem. athugað á hvaða öld tiltekið orð kemur fyrst fyrir í heimildum.

Orðabókarverkefni

Nauðsynlegt er að nemendur spreyti sig á því að ráða í merkingar óþekktra orða af samhengi í texta áður en þeir fletta upp orðunum. Eftirtaldar handbækur geta nem. notað: **Íslensk orðsifjabók** eftir Ásgeir Blöndal Magnússon, **Orðabók Menningarsjóðs**, **Orðabók** Sigfúsar Blöndal og ensk-ensk orðabók t.d. **Oxford Advanced Learner's Dictionary of Current English** eftir A.S. Hornby.

Vekja má athygli nemenda á ýmsum orðum í textanum og biðja þá að leysa eftirfarandi verkefni:

- 1) Finnið afleidd og skyld orð eftirfarandi orða: **sneyðast** (79) **ystingur** (bls. 109) - **málnyta** (bls. 122).
- 2) Skýrið orðin **flaumósa** (bls. 254) og **ílendast** (bls. 264), gerð þeirra og uppruna.
- 3) Þessi orð er ekki að finna í íslenskum orðabókum: **arpeggio** (bls.16), **accelerando**, **subido** (37) og **fanfari** (44). Hverju er verið að lýsa? Er hægt að finna eitt íslenskt orð yfir hvert þeirra?
- 4) Eftirfarandi orð eru notuð við svipaðar aðstæður. Skýrið merkingu þeirra:
 - a) **trilla** (44).
 - b) **bresta á með ringjum** (fletta upp **ringur**) (bls. 50).
 - c) **gaula í belg** (bls. 53).
 - d) **stinga kvint** (bls. 125)
 - e) **falsetta** (bls. 207).
- 5) Hvers konar veðri lýsa orðin? **Hríðarsveljandi** (26), **rysjutíð** (42), **gjörningapoka**, **gjörningar** (ft) (56) og **hláka** (258).

- 6) Orð sem lýsa:
- Gömlum búskaparháttum: **Hára** (28), **votaband** og **hreyta taði** (47). Ath. hvort notkun þeirra sé bundin við landshluta.
 - Skemmtunum og leikjum: **fara í krumlu eða krók við e-n** (75), **stíga við stökkinn** (179).
 - Fatnaði ýmiss konar: **guðvefur** (210), **rykkilín**, **hökull**, (219), **pellklæði** (222), **skæði** (225).
- 7) Útskýrið fyrri hluta þessara samsettu orða: **völundarsmíði** (85) og **dverghagur** (87).
- 8) Athugið notkun og beygingu sagnorðsins **geyja** „gelta, gjamma” (69). Hvaða áhrifum er höfundur að reyna að ná fram með notkun þessa orðs?
- 9) Athugið fleirtölumynd orðanna **tennur** > **tönnur** og **hendur** > **höndur** (86). Hvenær var þessi fleirtölumynd orðanna notuð? Miðast notkun þeirra við ákveðna landshluta?

III. Próf

1. (bls. 7-101)

Krossið við rétt svar.

1. Afi sögumanns hét:

- Tryggvi Ólafsson
- Ólafur heiðarsveinn
- Jens Ólafsson

2. Í upphafi sögunnar er sögumaður staddur í:

- London
- Vancouver
- Ontario

3. Segið hvort eftirfarandi fullyrðingar eru sannar (S) eða ósannar (Ó):

- Langafi sögumanns Ólafur fiólín var langalangafi Sieglinde Futterknecht-La Bas.
- Langafi sögumanns Ólafur fiólín var langafi Sieglinde Futterknecht-La Bas.
- Langafi sögumanns Ólafur fiólín var afi Sieglinde Futterknecht-La Bas.

4. Magnús Stephensen kenndi Jens að:

- skera í tré
- stilla strengi fiðlunnar
- syngja

5. Segið hvort eftirfarandi fullyrðingar eru sannar (S) eða ósannar (Ó):

- Séra Jón Grímsson fór til Reykjavíkur til viðræðna við Trampe greifa.
- Séra Jón fann Kerberos uppi á heiði á leið heim af þjóðfundinum í Reykjavík 1851.
- Séra Jón veiktist heiftarlega og var vart hugað líf.
- Ólafur var sex ára þegar hann flutti með móður sinni að Stóru-Tungu.

6. „Það var ekki mulið svona undir mann í mínu ungdæmi,” sagði:

- Hjörtþór ráðsmaður
- Ketilbjörg vinnukona
- Einar vinnumaður
- Ljóma vinnukona

7. Fjölurinn var:

- ungmennafélag í sveitinni
- sunnlenskt fréttablað
- íslenskt tímarit gefið út í Kaupmannahöfn
- hundurinn sem séra Jóni áskotnaðist

8. Segið hvort eftirfarandi fullyrðingar eru sannar (S) eða ósannar (Ó).

- Ólafur grét mikið við jarðarför móður sinnar.
- Vinnukonurnar í Stóru-Tungu töldu Jórinni standa sig vel í hlutverki prestmaddömunnar.
- Einar reyndist glaðlegur ferðafélagi í heiðarferðinni

Ólafur smíðaði kistu undir fósra sinn og skar út kistulokið.

9. Nýi presturinn í Stóru-Tungu hét:

- Kolbeinn mörsugur
- Helgi Thorkelsen
- Jakob Jakobsson

10. Á Hömrum í Gnúpasókn voru húsráðendur:

- Sæunn og Jón
- Sigríður og Salómon
- Þorsteinn og Ólöf

11. Segið hvort eftirfarandi fullyrðingar eru sannar (S) eða ósannar (Ó):

- Litla stúlkan sem vísaði Ólafi veginn hét Sæunn Hjálmarsdóttir.
- Ólafur fékk silfurspesíu fyrir að gera við sextantinn.
- Á þessum tímum tíðkaðist að laun væru greidd í fæði og klæðum.
- Ólafur skírði fyrstu dóttur sína í höfuðið á systur sinni.

12. Ólafur fór aftur í fæðingarhrepp sinn vegna þess að

- hann var búinn að ráða sig í vinnumennsku á Narfastöðum
- hreppurinn þurfti á laghentum manni að halda
- hreppurinn var skyldugur að sjá um hann og fjölskylduna
- hann þurfti að sjá um systurdóttur sína sem var orðin munaðarlaus.

2. (bls. 102-196)

Krossið við rétt svar.

1. Hver mælir svo: „Grágæsamóðir ljáðu mér vængi.”?

- Sigríður á Hnausum
- Jórunn Jensdóttir
- Ólöf á Hömrum
- Sæunn Hjálmarsdóttir

2. Hver leyfir Sæunni að fara að heimsækja börnin sín?

- Séra Helgi Thorkelsen
- Salómon á Hnausum
- Ólöf á Hömrum
- Þorsteinn á Hömrum

3. Í sögunni er þess getið að Ólafur smíðaði eftirfarandi gripi í vistinni á Reykjum:

- amboð og trop
- ferjubát og húsgögn
- predikunarstól og ferjubát
- vefstól og hjólbörur

4. Segið hvort eftirfarandi fullyrðingar eru sannar (S) eða ósannar (Ó):

- Sæunn fór oft með Ólafi á greni.
- Sigríður stórráða gaf börnunum á Seyru oft nýjar flíkur og skó.
- Sæunn og Ólafur komust ekki á hátíðina til þess að fagna stjórnarskránni.

- Manninum, sem hvatti fólk til þess að flytja til Ameríku, var alls staðar vel tekið.
5. Hver borgaði fargjaldið fyrir Ólaf og fjölskyldu hans til Kanada? Krossið við rétt svar.
- Salómon og Sigríður
 Séra Helgi og Jóhanna
 hreppurinn
 Kolbeinn mörsugur
6. Áður en Sæunn fer til Reykjavíkur kemur hún við á Narfastöðum til þess að
- kveðja húsráðendur
 gefa vinkonu sinni vefstólinn
 ná í Ólaf heiðarsvein
 kveðja Málmfríði
7. Segið hvort eftirfarandi fullyrðingar eru sannar (S) eða ósannar (Ó):
- Ferðin suður til Reykjavíkur reyndist Sæunni erfið vegna þess að hún var ófrísk.
 Haustið 1874 sigldi Lára til Skotlands með 18 farþega.
 Einn Íslendinga úr hópi farþega talaði reiprennandi ensku.
 Einn Íslendinga gaf skoskum betlara eina spesíu.
8. „Andskotans ferlíki er þetta,” sagði Loftur. Hvað á hann við? Krossið við rétt svar.
- vagn
 hús
 hestur
 eikartré
9. Segið hvort eftirfarandi fullyrðingar eru sannar (S) eða ósannar (Ó):
- Í Glasgow borðuðu allir hafragrjónagraut með bestu lyst.
 Ólafur fíólín fór með sjóferðavers í upphafi ferðar til Kanada.
 Íslendingar voru á öðru farrými á útflytjendaskipinu.
 Þórarinn, sonur Sæunnar og Ólafs, lést á leiðinni til Kanada.
10. Sögusvið frásagnarinnar til þessa eru:
- Skagafjörður, Suðurland og Skotland
 Borgarfjörður, Miðfjörður og Skotland
 Miðfjörður, Ísafjörður og Skotland
11. Höfundur bókarinnar **Híbýli vindanna** heitir:
- Bárður Guðmundsson
 Böðvar Gunnarsson
 Böðvar Guðmundsson

3. (bls. 199-335)

1. Segið hvort eftirfarandi fullyrðingar eru sannar (S) eða ósannar (Ó):
- Jón Kolfreyr vildi stofna íslenska nýlendu í Kanada. Hann fluttist síðar til Íslands og lagðist gegn vesturferðum Íslendinga.
 - Gróa og Páll úr Skuggadal tóku að sér Sigríði litlu Jónsdóttur.
 - Íslendingar við Winnipegvatn höfðu engin samskipti við indíána.
 - Moses Taylor gagnrýndi Emil Plur fyrir slæman aðbúnað Íslendinga í Kinmount.

2. „Ef Íslendingar í Nýja heiminum hafa möguleika á að mynda eigin samfélag, þá eigum við að keppa að því, hvað svo sem það kostar. Einungis þar eiga börnin okkar möguleika á að hljóta það líf sem okkur bar en við fengum ekki.” Hver mælir svo?

- Kristján Kristjánsson
- Sighvat Þingmann
- Ólafur fíólín

3. Hverjum er svo lýst? „Og mitt í allri gleðinni gengur tággrannur og teinréttur maður í sal. Snjóhvítt hár eins og þyrill um forklárað andlit, nefið hvasst og bogið, augun tindrandi. Hann er höfði hærri en aðrir menn“

4. Hvers vegna var talið óráð að hefja landnám á Nýja Íslandi í vetrarbyrjun 1875? Nefnið a.m.k. fjögur atriði.

5. Ólafur fór ásamt fleirum norður fyrir mörk Nýja Íslands til að kanna útbreiðslu bólusóttar. Hvaða áhrif hafði þessi för á Ólaf?

6. Ólafur var fenginn til þess að smíða ræðustól vegna hátíðahalda í Nýja Íslandi. Hvað stóð til?

Á hvern hátt breytti þessi hátíð lífi Ólafs?

Ritgerðarefni til prófs:

1. Dauðinn kemur töluvert við sögu í **Híbýlum vindanna**. Á hvern hátt hefur hann áhrif á líf Ólafs fíólíns?
2. Staða barna í lok 19. aldar. Takið dæmi úr **Híbýlum vindanna** og lýsið lífi þeirra barna og ungmenna sem þar er minnst á, bæði á Íslandi og í útlöndum.
3. Bólusóttin herjaði á landnemana við Winnipegvatn í Nýja Íslandi. Hvaða áhrif hafði hún á líf fólks, bæði Íslendinga og frumbyggja Kanada?

IV. Málfræðileg athugun og verkefni

Hér er til umfjöllunar málnotkun í **Híbýlum vindanna**. Sýnd eru dæmi um málfræðiatríði sem má skoða nánar með nemendum auk þess sem birt eru athugunarefni og verkefni. Fyrst eru tekin fyrir atríði sem koma fram í stuttum frásögnum, þá í ástarsögum og að lokum athugun á ferðasögum.

Híbýli vindanna geymir ótal styttri og lengri frásagnir þar sem koma fram áhugaverðar lýsingar á mönnum og atvikum. Efni þeirra er oft með persónusögulegu ívafi, höfundur styðst við samtíðarheimildir og notar m.a. sögulegar persónur með réttu nafni, sbr. frásögnin um Jörund hundadagakonung og Magnús Stephensen. Þeir atburðir sem nefndir eru hafa sumir hverjir átt sér stað, sbr. þjóðfundur í Reykjavík 1851, þjóðhátíð á Þingvöllum 1874 og bólan sem herjaði í Nýja Íslandi 1876-77. Afstaða sögumanns gagnvart efninu er alltaf nálæg, orðaval hans einkennist af geðlægum orðum og lýsingar hans verða því fremur huglæggar en hlutlæggar.

Hér á eftir verða eftirfarandi málfræðiatríði skoðuð í fáeinum frásögnum: Notkun sagnorða, tíðir og horf og merking, setningagerð, notkun vísiörða (atviksorða) og lýsingarorða, orðaval, orðaforði og ýmis stílbrögð.

Tíðir sagna og horf í frásögn

Í frásögn skiptir máli að geta ferðast fram og til baka í tíma. Þá skipta orðin sem tjá tíma og atburðarás miklu máli. Sagnir eru sá orðflokkur sem gegnir veigamiklu hlutverki við uppbyggingu frásagnar, þ.e. tíðskiptingar þeirra. Þó að algengast sé að sögur séu sagðar í þátíð má oft greina ýmiss konar afbrigði í notkun tíða. Víxlun nútíðar og þátíðar er aðferð sem margir höfundar beita. Skipting úr þátíð yfir í nútíð verður oft þegar sjónarhorn þrengist og hvörf verða í frásögninni.

Með notkun samsettra tíða er hægt að gefa til kynna afbrigðilega tímaröð, bakgrunnsupplýsingar o.s.frv. Í íslensku er horf oft sýnt með sagnasamböndum. Þá er verið að vísa í það hvernig verknaður gerist miðað við tíma setningarinnar, þ.e. á hvern hátt hann horfir við þeim sem talar. Oftast er talað um þrjú horf: Lokið horf, dvalarhorf og byrjunarhorf en þau eru þó fleiri. Hér á eftir verður litið á notkun tíða og horfa í frásögninni af heimsókn landpóstsins í Stóru-Tungu (42-44).

Í þessari frásögn má sjá víxlun nútíðar og þátíðar auk þess sem notaðar eru samsettar tíðir. Frásögnin hefst í nútíð og er henni haldið alveg fram að því að landpósturinn fer að segja sögur í þátíð. Frá hugsunum Ólafs er greint í nútíð (á meðan er landpósturinn að segja frá í þátíð) en þar skiptir um sjónarhorn og yfir í þátíð: „Í vökulok þegar búíð var að slökkva ljósin lá hann lengi andvaka ...“ (43). Nútíð er svo aftur tekin upp þegar sjónarhorn þrengist að nýju, þ.e.: „Þegar þeir eru komnir í hvarf frá bænum ...“ (44), þeirri tíð er haldið að mestu til söguloka. Í orðræðu landpóstsins bregður fyrir þátíð: „Það var skrambi, ...“ og „... ég baslaði ...“.

Notkun samsettra tíða gerir kleift að ferðast fram og til baka í tíma. Á bls. 42 er dæmi um slíkt: „... er fléttadur ...“ „... geta vart verið spunnir ...“ „... getur komið ...“ og „... þurfi að berja ...“. Bls. 43: „... hafi verið sendur ...“ „... verður rofið ...“ „... eru farnir að drepa ...“ (byrjunar horf) og „... höfðu lagt ...“ „... búíð var að slökkva ...“ (lokið horf), „... hafði heyrt ...“ „... hafði talað ...“ „... var að predika ...“ „... hafði hugsað ...“ „... yrði gaman að vakna ...“

(framtíð táknuð með *vh.pt.*) - Í veðurlýsingu: „ ... *var komið ...* “, „ ... *hafði rennt ...* “ og á bls. 44: Hestarnir: „ ... *voru hvíldir og saddir ...* “ o.s.frv.

Höfundur hefur valið að segja þessa sögu í nútíð. Með því færast lesandinn nær atburðarásinni og lýsingar verða nákvæmar. Athygli er beint að smáatriðum eins og viðbrögðum heimilisfólks og húsdýra, gerð póstlúðursins o.s.frv. Þannig er einnig lögð áhersla á hve þessi atburður verður eftirminnilegur fyrir Ólaf. Pósturinn færir honum pakka frá Kaupmannahöfn sem í eru fiðlustrengir og nótnabók auk þess sem Ólafur fær að blása í póstlúðurinn. Inn í frásögnina fléttast samtal (bein ræða) þeirra félaga og er það að sjálfsögðu í nútíð. Það er ekki fyrr en landpósturinn fer að rifja upp helstu tíðindin að skipt er yfir í þátíð. Sjónarhornið er þó áfram hjá Ólafi og því lýst í nútíð hve erfitt hann á með að einbeita sér að orðum landpóstsins þar sem athygli hans beinist að lúðrinum. Þá er skipt yfir í þátíð þegar sjónarhorn breytist (komið kvöld) og athygli beint að hugsunum Ólafs þar sem hann liggur í rúmi sínu. Hér verður aukning á notkun samsettra tíða. Þátíð er haldið þar til beina ræðan tekur við. Þá þrengist sjónarhornið er því er lýst er þeir félagar kveðjast og leiðir skilja.

Til athugunar:

- Nemendur geta á sama hátt skoðað notkun tíða í eftirtöldum frásögnum og velt fyrir sér hvaða áhrif skipting nútíðar og þátíðar hefur á gang frásagnarinnar:

1. Ferð Sæunnar (bls. 144 neðst -148).
2. Vígsla kirkjunnar að Reykjum (bls. 124-126).
3. Jólaguðspjónusta í Kinmount (bls. 243-244). (Hér má athuga notkun samsettra tíða (horfa) og víxlun þátíðar og nútíðar í beinni og óbeinni ræðu.)

Sagnorðanotkun

Með notkun sagnorða má ná fram hraða, léttleika og hreyfingu í frásögn. Fróðlegt er að skoða notkun hreyfingasagna (sagnir sem tákna hreyfingu) og áhrif þeirra í lýsingunni á fiðluleik Ole Bulls (221-222):

Hann **vafði** hraðhentur pellklæði utan af fiðlu og boga og **bar** fiðluna að hökunni, **strauk** nokkra tóna og **stillti** og fór að **syngja** á hljóðfærið hægan, sorglegan söng um háfjöllin norsku með fönn á hæstu riðum sem eru svo óra fjarri. Svo **brast** bylurinn á, **beit** og **sló**, **sótti** í sig veðrið hvað eftir annað uns af honum **dró** og sólin ljómaði aftur um hágöngur og jökulhjarn. Þegar Ólafur fiólín kom aftur til sjálfs sín var maðurinn **ekinn** á brott í vagni sínum og hópurinn **rölta** þögull áleiðis til innflytjendahússins.

Hér rímar saman náttúran og tónar fiðlunnar. Það er stígandi í lýsingunni, með notkun sagnanna *bresta*, *bíta* og *slá* er hámarki náð. Notkun stuðla undirstrika tónlistina.

Til athugunar:

- Í þessari frásögn er því lýst þegar Ólafur ásamt öðrum bíður fyrir utan bygginguna. Skoðuðu merkingu sagnanna og segið hvers konar hughrifum/ástandi þær lýsa.

- Lýstu þeim hughrifum sem þú verður fyrir þegar þú hlustar á eftirlætistónlist þína. Notaðu stuðla og rím ef þú getur.

Orðaval í huglægri lýsingu

Í stuttri frásögn (137) er lýst atviki þar sem Ólafur og Sæunn eru að búa drengina sína tvo til dvalar á Hnausum. Þau geta ekki lengur séð fjölskyldunni farborða.

Aðalefni frásagnarinnar er kveðjustundin (auk lýsingar á draumi Sæunnar) og náttúruleysingur undirstrika þau hughrif sem slíkri stund fylgja. Huglæg innskot sögumanns sem endurspeglast í orðavali hans hafa einnig gildi. Dæmi um þetta má sjá í eftirfarandi textabútum:

a) „*Meira var það **nú** ekki sem þeir höfðu með sér úr föðurhúsum.*” Og um Þórarin: „... *hann var **nú einu sinni** ekki nema nýkominn á þriðja árið, ...*.”

Atviksorðið *nú* gerir textann talmálslegan og orðin *ekki nema* sýna afstöðu sögumanns.

b) „*Þetta var einn þessara **sönglausu** daga þegar **ekkert, ekkert** gleður auga eða eyra. **Napur** strekkingur af norðurfjöllum, **alskýjaður** himinn, hvergi litur á jörð, **dauðahljóð** í streng árinna. **EKKI einu sinni** bæjarhrafn á flökti.*”

Áhrif orðavals: Þrjú lýsingarorð eru notuð til þess að lýsa veðrinu, tvö þeirra eru samsett. Áherslan á vonleysi kemur fram í atviksorðinu *ekkert* sem er endurtekið tvisvar. Sterkustu áhrifin ber þó orðið *dauðahljóð* (samsett nafnorð).

c) „*Þau **stauluðust** heim á brattann með yngstu börnin tvö, **skrikuðu** á hjarninu enda óbrydd, sögðu ekkert, unnu verk sín þegjandi fram í vökulokin og varð ekki svefnsamt.*”

Hér kallast á náttúruleysing og líðan sögupersóna. Umkomuleysi þeirra er algjört er þau reyna að fóta sig í hálkunni. Sagnorðin *staulast* og *skrika* lýsa þessu vel.

Setningagerðin, þ.e. notkun frumlaglausrar setningar hefur einnig áhrif á blá frásagnarinnar. Hér má benda á að notkun ótengdra aðalsetninga (hliðskipaðra) gerir frásögnina talmálslega.

Til athugunar:

- Hvaða orð eru notuð til þess að lýsa náttúrunni í þessari frásögn? Hvernig endurspeglar náttúruleysingin líðan sögupersóna?
- Athugaðu notkun sagnanna *staulast* og *skrika* bls.137. Á hvern hátt lýsa þær líðan Ólafs og Sæunnar?
- Hvert er megintáknið í draumi Sæunnar. Telur þú að draumurinn hafi forspárgildi? Hvers vegna?
- Skrifðu upp atviksorðin í frásögninni um drauminn. Hvert er hlutverk þeirra í framvindu frásagnarinnar?

Notkun vísiörða (atviksorða)

Fróðlegt er að skoða hlutverk vísiörða (bendingarörða) í frásögn og á hvern hátt þau marka málsgreinum stað með tilliti til umhverfis, tíma og persóna.

Bendingarörð eru t.d. staðar- og tímaatviksorð, persónufornöfn, ábendingarfornöfn og tíðarmyndir sagna.

Í **Híbýlum vindanna** er sögð saga ungs manns sem var með þeim fyrstu sem fluttust vestur um haf frá Íslandi (bls. 204-207). Þegar hugað er að notkun atviksorða í þessari frásögn kemur í ljós að þau gegna mikilvægu hlutverki í framvindu atburða. Staðar- og tíðaratviksorð (tímabendingarörð) eru nokkur, sbr. *þar* (notað fjórum sinnum), *þaðan*, *þá* og *nú*. Einnig: *svo* (þrisvar), *uns*, *þegar* (tvisvar), *þó* (tvisvar), *um síðir*, *síðan*, *loks* (þrisvar) og *fyrst*.

Til athugunar:

- Frásögninni er skipt í tímaeiningar - hvernig er tíminn gefinn til kynna í sögunni? Hvaða orðalag er notað? Hvaða áhrif hefur notkunin á orðinu *svo* að þínu mati?

Notkun nafnorða og lýsingarorða í ástarsögum

Sagt er frá því er leiðir Þóru Sæmundsdóttur og offísérans, Josephs Taylors, lágu saman eina kvöldstund út á Laugarnes í Reykjavík. Undirtónn frásagnarinnar er gamansamur, írónían er ekki langt undan eins og sjá má af orðavali í lýsingum. Stemningin er rómantísk, *rjómalogn*, og *stjörnur kvikna á dimmbláum himni*, þær voru „*svo tærar og blikuðu svo kitlandi*”(245), ástarhljóð æðarfugla fylla loftið. Ástir fugla og manna ríma saman. Og þarna á staðnum lét Þóra *fallerast* og Moses Taylor kom undir:

Af sannri riddaramennsku hins siðfágaða manns vafði Joseph Taylor skikkju sinni um jómfrúna, en honum gleymdist að vefja sjálfan sig innan úr henni fyrst, og því fór nú sem fór. (246)

Þegar litið er á meginorðin sem lýsa rómantikinni í frásögninni og þeim atburði sem þarna gerist kemur í ljós að tvinnuð er saman nafnorðum, sögnum og lýsingarorðum sem alloft eru notuð í þess konar lýsingum: Nafnorðin: *rjómalogn*, *stjörnur*, *riddaramennska*, *jómfrú*. Sagnirnar: *fallerast*, *kvikna*, *blika*, *kitlandi*, *vefja* og lýsingarorðin: *tærar* og *sannri*, og samsett: *dimmblá* og *siðfágaða*. Lýsingin hefur óneitanlega á sér riddarasagnablæ, orðin *jómfrú*, *riddaramennska*, *skikkja* og *siðfágaða* vekja þau hugrenningatengsl. Meira að segja hljóð fuglanna hljóma eins og orðið *ást* upp á frönsku.

Til athugunar:

- Hvernig birtist írónían eða tvísæið í frásögninni af Þóru Sæmundsdóttur og Joseph Taylor (245-46)?
- Er eitthvað í orðavali frásagnarinnar sem minnir á riddarasagnir?
- Lýstu því hvernig ástir manna og dýra hljóma saman.

Á sama hátt er hægt að skoða notkun gildishlaðinna lýsingarorða og nafnorða í frásögninni af sambandi Jórunnar og séra Jóns Grímssonar.

Til athugunar:

- Lestu ljóðið **Ferðalok** eftir Jónas Hallgrímsson. Á hvern hátt er vísað til þessa ljóðs í frásögninni um séra Jón og Jórinni? Hvernig má túlka þessa tilvitnun í ljósi umræddrar frásagnar?
- Í frásögninni er notkun lýsingarorða afar fjölbreytileg. Hvers konar orðaforði er notaður til þess að lýsa eiginleikum Jórunnar (t.d. bls. 28 og 30)?
- Er munur á orðavali þegar lýst er tilfinningum karla og kvenna? Í hverju lýsir það sér?

Í **Híbýlum vindanna** eru sagðar margar ferðasögur, stuttar og langar, sögupersónur eru jafnan á faraldsfæti milli hreppa, borga, landshluta eða landa. Rauður þráður í þessum sögum er óviss framtíð sögupersóna. Náttúrulýsingar eru gjarna fléttaðar saman við ferðalögin, lýsingar á staðhátum og landkostum er

gildur þáttur í sögunum sem og veðurlýsingar. Málsnið textans ræðst fyrst og fremst af efninu og orðanotkun er dæmigerð fyrir framangreindar lýsingar.

Uppbygging

Við nánari athugun á ferðalýsingum má glögglega greina sameiginlegt mynstur í sögubyggingu þeirra. Ferðasagnamynstrið gæti litið svona út:

1. Ferðin hefst snemma morguns.
2. Veðri er lýst og farartæki tilgreint (ef e-ð er).
3. Horft er til baka yfir byggðina stuttu eftir að lagt er af stað þegar t.d. er komið er upp á fell.
4. Umhverfi lýst - tíminn tiltekinn eftir stöðu sólar ef til hennar sést annars er notast við önnur kennileiti.
5. Gististað og nesti lýst.
6. Verkefni leyst.
7. Heimför (Áfangastað náð) - veðurlýsing fylgir oft.

Orðaforði

(Bls. 57-65.) Í þessari ferð er Ólafur að fara sína fyrstu ferð inn á heiði, í eins konar manndómsvígsluferð. Með honum í för er Einar, vinnumaður á sextugsaldri. Öllum verkhátum þeirra félaga er lýst ítarlega, þeir róa og leggja net, vitja um þau, grafa hvannarætur, tína fjallagrös og taka dún. Í þessari frásögn má líta nánar á stíl og orðaforða, notkun lýsingarorða, tímatáknun í frásögn og hátt sagna. Þá má einnig benda á hvernig tiltekið orðalag fylgir ákveðnum verkþætti, sbr. upptalningin hér að framan.

Til athugunar:

- Hvaða stílbragði er beitt til þess að leggja áhersla á kunnáttuleysi Ólafs (61).
- Athugaðu notkun boðháttar í sjóferðarbæninni (61).
- Hvað á Einar við með orðinu *höfuðsótt* (61)?
- Orðin *boðaföll* og *þóttufullur* (61) eru úr sjómannamáli. Hvað merkja þau?
- Orðalagið „... að heilla burt ...“ (64) tilheyrir ákveðinni tegund frásagna.

Hverri?

- Gefið er í skyn á fleiri en einn hátt að senn verði breyting á högum Ólafs.

Hvernig er það gert?

- Hvers vegna velur höfundur þessi lýsingarorð (litarorð) *grár*, *kolmórauður*, *biksvartur* (65)? Eiga þau að tákna e-ð sérstakt?

Setningagerð - orðaval

A.

(Bls. 79-83.) Hér segir frá ferð Ólafs úr norðanverðum Borgarfirði yfir í Miðfjörð. Hann er að flýja ofríki mágs síns og er búinn að ráða sig í vinnumennsku. Ólafur er einn á ferð og lesandinn skyggnist inn í hugarheim hans. Í lok ferðarinnar hittir Ólafur Sæunni, tilvonandi lífsförunaut sinn. Náttúrulýsingar leika hér stórt hlutverk eins og í öðrum ferðum og stemmningin hefur á sér þjóðsagnalegan blæ.

Til athugunar:

- Athugaðu gerð þeirra setninga sem lýsa vangaveltum Ólafs á bls. 80 t.d. um hvers konar fólk hann myndi verða, um augnalitinn og bróðurinn. Hvað nefnast þessar setningar?

- Náttúrulýsingar gefa frásögninni vissan blæ. Hvernig myndir þú lýsa stemningunni?

- Svo virðist sem höfundur forðist að endurtaka sögnina *sofna*. Hvernig?

- Hvaða áhrif hefur það á frásögnina þegar sögumaður ávarpar Pat beint?

B.

Skipsferðin til Ameríku (185-196).

Ferðalýsingin hefst á hafnarbakkanum þar sem Ólafur hefur orðið viðskila við samferðarfólk sitt. Ástæðan er sú að hann gleymdi stað og stund þegar hann heyrði skyndilega lúðrablastur. Hughrifum Ólafs við það tækifæri er lýst ítarlega. Ferðin snýst í stuttu máli um lífið um borð, skemmtanir, veikindi og dauða.

Til athugunar:

- Teldu upp öll orð (neðst á bls. 185) sem notuð eru til þess að lýsa hljóðum.
- Lögð er áhersla á það að Ólafur gleymir stað og stund. Á hvern hátt?
- Athugaðu setningagerð þeirra málsgreina sem segja frá viðbrögðum Ólafs og leit hans að samferðarfólkinu (186).

Orðaval - notkun sagna

(Bls. 97-101.) Ólafur, Sæunn og börn neyðast til að flytja suður í fæðingarhrepp Ólafs. Á leiðinni yfir heiðina elur hún barn. Umhverfislýsingar eru ríkulegar. Þær snúast að mestu um vætusama veðráttu auk þess sem fjölbreytt notkun á orðum sem lýsa hljóðum í umhverfinu leika hér stórt hlutverk.

Til athugunar:

- Á bls. 99 segir: „*Svo sigu þau af stað móti ókunnum örlögum sínum, ský huldu jökla og fjöll gærdagsins.*“ Útskýrðu myndmálið. Á hvern hátt tengist fyrri setningin þeirri seinni?

- Í frásögninni af barnsfæðingunni (100) eru notuð átta mismunandi sagnorð sem lýsa hljóðum. Finndu þau. Má flokka þau sem samheiti, merkingarlega séð?

- Á hvern hátt er gefið til kynna að Ólafur heiðarsveinn sé kominn í heiminn (100)?

- Í lok frásagnar breytist skyndilega sjónarhorn hennar. Hvers vegna? Á hvern hátt breytast tíðaskiptingar í frásögninni við nýtt sjónarhorn?

- Hvers konar matur er *hrútsmagáll* og *pottbrauð* (101)?

- Sólin gegnir veigamiklu hlutverki í þeim ferðum sem hér eru til umfjöllunar. Útskýrðu hvers vegna svo er.

Bein og óbein ræða - bygging

(Bls. 295-298.) Ólafur og félagar halda í veiðiferð inn á heiði. Tilgangur fararinnar er að skjóta elg. Það tekst ekki en í stað þess koma þeir heim með kanínur. Þessi ferð er ef til vill ekki ósvipuð veiðiferð þeirra Ólafs og Einars sem hér segir frá að framan. Bygging hennar er í meginráttum eins og heiðarferðirnar. Staðhættir eru þó ólíkir, hér ríkir vetrarstemning.

Til athugunar:

- Að hvaða leyti eru umhverfislýsingar í sögunni frábrugðnar þeim lýsingum sem sjá má í íslensku heiðarferðunum? En veðurlýsingar? Hvaða áhrif hefur sögnin *að marra*?
- Breyttu óbeinni ræðu (bls. 296) í beina ræðu og skrifaðu upp samtal Íslendinganna og indíánans.
- Á bls. 298 er lýst viðbrögðum Hákonar Hákonarsonar við kanínusteikinni. Þykir þér orðalag frásagnarinnar kunnulegt? Lýstu því nánar.
- Athugaðu byggingu þessarar frásagnar (frásagnarþætti) og berðu saman við eina íslenska heiðarferð.

Samsetning orða - tímatáknun

Ferðin að norðurmörkum Nýja Íslands (323-328). Doktor Giles og David Mahawata ætla að kynna sér útbreiðslu bólufaraldurs sem geisað hefur á þessum slóðum og skrifa skýrslu um ástandið. Ólafur er aðstoðarmaður þeirra. Förinni er heitið út í Mikley og að indíánabyggðum við Sandá. Þeir félagar verða vitni að miklum hörmungum á ferð sinni og þau hughrif setja mark sitt á lýsinguna.

Til athugunar:

- Notkun samheita getur aukið áhrifagildi frásagnar. Finndu tvo orðaklasa með samheitum á bls. 323 í umfjöllun um hundana.
- Samsetning orða er með ýmsu móti. Dæmi um þetta gæti verið orðið sem notað er til þess að lýsa veðrinu þennan morgun (323). Finndu fleiri samsett orð á blaðsíðunni og segðu úr hvaða orðum þau eru mynduð.
- Hvernig er þögninni lýst á bls. 327 í indíánaþorpinu? Í því sambandi skaltu skoða lengd málgreina. Getur hún haft áhrif á lýsinguna? Í þremur orðum kemur *þögn* fyrir, hvaða orð eru notuð til þess að lýsa henni nánar.
- Í lok ferðar sér lesandi inn í hugarheim Ólafs. Það er sýnt með greinarmerkjum á tvenns konar hátt. Lýstu því.
- Á hvern hátt er sagt frá því hvernig tíminn líður í ferðinni? Hvað stendur ferðin yfir í marga daga?

Stílbrögð - orðanotkun

Í skipsferðinni til Englands (163-168) verða Ólafur og samferðarfólk fyrir nýrri og óvæntri reynslu. Hér er lýst sjóferð, verunni um borð, sjóveiki, mat, útsýni, veðri o.fl.

Til athugunar:

- Hvaða stílbragð notar höfundurinn til þess að lýsa kunnáttu- og reynsluleysi Íslendinga í upphafi ferðar (163)?
- Útskýrðu líkinguna á bls. 163 þegar sagt er frá því er skipið leggur úr höfn.
- Sjóveikinni lýst (164-65). Finndu sagnorð og nafnorð sem lýsa slæmri líðan og óþef. Er munur á merkingu orðanna innan orðflokka tveggja?
- Flettu upp orðunum *höfuðsóttargemlingur*, *bos* og *bolsiur* (164-65). Fyrstnefnda orðið er hluti af líkingu. Útskýrðu hana.
- Á bls. 165 er lýst einum degi um borð. Hvernig er tíminn gefinn til kynna? Hvaða orðflokki tilheyrja þessi tímaorð?

- Fyrstu viðbrögðum Íslendinga er lýst er þeir standa á skipsfjöl og virða fyrir sér framandi umhverfi (166). Hvernig er líðan fólksins komið á framfæri í textanum?
- Efst á bls. 168 er samheitaorðaklasi (*ferð og flaug, köll og hróp*). Hvaða gildi hefur þetta stílbragð hér?
- Taktu eftir (168) óvenjulegri setningagerð sem notuð er til þess að undirstrika undrun fólksins.

Merking sagna

Lestarferðin til Glasgow (173).

Enn kynnast Íslendingarnir nýjum farartækjum, hestakerrum og járnbrautarlestum. Lýst er hraða lestarinnar og hræðslu farþega. Þetta er m.a. gert með lýsingum á hljóðum farartækis og upphrópun sögupersónu.

Til athugunar:

- Hvaða orðatiltæki í þessari frásögn þykja þér lýsa best undrun ferðalanganna?
- Finndu sagnir sem tákna hreyfingu og hljóð. Hverju er verið að lýsa?

Orðmyndun - notkun sagna - setningagerð

Að lokum er vert að skoða stutt ferðalag eða öllu heldur stutta frásögn af því þegar Ólafur, ásamt fjórum öðrum, flutti slasaðan mann á sjúkrahús (305-308). Ferðin hefst seint um kvöld, það er fimbulkuldi, snjócoma og hvassviðri.

Til athugunar:

- Skrifðu niður öll sagnorð og nafnorð sem notuð eru til að lýsa veðrinu í eftirfarandi texta (304-306). Getur þú bætt við fleiri orðum svipaðrar merkingar?
- Finndu einnig samsett nafnorð og lýsingarorð og segðu úr hvaða orðum þau eru mynduð? Hefði ekki verið alveg eins gott að nota ósamsett orð? Hvers vegna?

„*Það var snjódrífa og stinningsvindur af norð-vestri daginn sem Lovísa ...*” (304). „*Nótt fór í hönd, það var ófært, frost, snjór og stinningsvindur.*” „*Eftir nokkurra klukkustunda ferð hætti að snjóa, en skömmu síðar herti vindinn svo mjallkófið byrgði alla sýn.*” „*Ofankoman og lausamjöllin þyrldust um þau í glórulausri iðu svo öll kennileiti marflatrar gresjunnar hurfu.*” (305.) „*Í glórulausu kófinu voru engar áttir til.*” (306.)

- Athugaðu setningagerð í eftirfarandi textabút:

Þau héldu samt áfram, svo lengi sem þau hefðu ána á vinstri hönd væru þau á réttri leið. Þau týndu henni og snerust góða stund um sjálf sig, fundu hana svo aftur, fylgdu henni enn góða stund og týndu henni loks alveg þegar fór að skyggja ... (306).

- Sagt er að sagnorð ráði blæ frásagnar. Athugaðu sagnorðanotkun í eftirfarandi texta. Hverju er verið að lýsa?

- Útskýrðu persónugervingu í textanum.

Með vindinn á hægri hlið mjökuðust þau þegjandi um auðnina, náttmyrkrið færðist yfir, þreytan seig á þau og henni fylgir kuldi sem vefst fast að fótunum og bítur einnig í fingurna. (306.)

Um orðræðugreiningu

Meginmarkmið orðræðugreiningar er að athuga hvaða reglur gilda í samtölum og hvernig mállegri og merkingarfæðilegri uppbyggingu texta er háttað. Þá eru skoðaðar ýmsar hliðar málnotkunar, orð, setningar og málsgreinar ásamt því að tekið er tillit til samhengis, hverjir mælendur eru, málaðstæðna, viðtakenda, tilgangs orðræðu og umfjöllunarefnis.¹ Við greiningu er samtali skipt í lotur² (ein lota = ein segð) og reynt að svara eftirfarandi spurningum:

- Um hvað er verið að tala? Eru mörg efni í gangi?
- Málhegðun. Koma þessi atriði fram í orðaskiptum: örvun, skörun,³

spurningar og svör.

- Hvernig málsnið er í gangi? Grípa málfarar⁴ frammí hvor fyrir öðrum? Ljúka þeir við setningarnar? Er munur á orðavali/orðanotkun málfarar?

- Samvinnulögmál.⁵ Veita málfarar eins nákvæmar upplýsingar og beðið er um í því samhengi sem myndar bakgrunn samtalsins?

- Hafa málaðstæður, umhverfi áhrif á samtalið, valdastaða manna eða t.d. kynferði?

Hér á eftir verður greind orðræða tveggja sögupersóna. Flest ofangreind atriði verða skoðuð. Fyrst er greint frá málhöfum, umhverfi og tilgangi samtals þá er samtali lýst og uppbyggingu þess, efni reifað, athugað hver opnar umræðuna og hvernig henni vindur áfram o.s.frv.

Samtal Ólafs og Einars vinnumanns (35-36).

Málfarar eru tveir: Einar, vinnumaður á sextugsaldri, og Ólafur á ellefta ári.

Kringumstæður: Einar er sendur upp í Kvistflóa til þess að tyrfa yfir smalakofa sem Ólafur mun hafa afnot af í sinni fyrstu hjásetu.

Lotuskipting:

1. Einar byrjar á því að býsnast yfir kofasmíðinni, enginn hefði verið látinn smíða yfir hann kofa þegar hann sat yfir ánum.

2. Ólafur spyr hvort hann hafi líka verið smali.

3. Einar svarar óljóst.

Þögn

4. Ólafur skiptir um umræðuefni og spyr hvort Einar haldi að til séu tröll.

5. Einar segist ekkert halda um það, hann sé þess fullviss.

6. Ólafur nefnir (í lágum hljóðum) að sumir haldi því fram að ekki séu til tröll.

7. Einar ítrekar vissu sína.

¹ Sjá *Íslenska stílfræði* eftir Þorleif Hauksson og Þóri Óskarsson. 1994:60-61.

² Ein lota merkir einn leik í samtali, þ.e. það sem málfari segir við aðra persónu í samfelldu máli.

³ Með örvun er átt við hvort málfari fái svar eða endurgjöf við því sem hann segir t.d. *a-ha, já*, o.s.frv. Skörun merkir að málfarar tali samtímis.

⁴ Málfari = sá sem talar.

⁵ Lögmálið er kennt við fræðimanninn Grice sem setti m.a. fram kenningar í málnotkunarfræðum um samvinnulögmál og meginreglur í samtölum.

8. Ólafur spyr hvort hann hafi séð tröll.

Þögn

9. Einar rökstyður mál sitt með reynslusögu sem hann brýnir fyrir Ólafi að taka lærdóm af.

Eftir þessa sögu tala þeir félagar ekki meira saman en Einar mælir síðustu orðin um kvöldið þegar verkinu er lokið.

10. Einar kallar Ólaf orm og bendir honum á að sofna ekki í þægindunum.

Lotuskipti:

Samtalið fer hægt af stað. Einar talar til Ólafs, sbr. lokaorðin. Ólafur spyr þriggja spurninga og er svarað í öll skiptin. Einar lýkur samtalinu á sömu nótum og hann byrjaði það. Hann spyr aldrei. Tvær langar þagnir einkenna samtalið. Fyrri þögnin gæti hafa varað í nokkrar mínútur en hin stendur yfir í nokkrar klukkustundir, sbr. orðin: „ En um kvöldið ... “ (36).

Umræðuefni:

Ólafur ræður umræðuefninu, þótt Einar hefji orðræðuna, því hann spyr Einar. Umræðuefni eru tvö, örstutt um smalamennsku og trúin á tröll. Einar byrjar að tala um mál sem ekki er haldið áfram að ræða. Í fyrri hlutanum er umræðuefni ekki haldið. Ólafur spyr ekki beint um aðstæður Einars þegar hann var lítill, aðeins um hvort hann hafi verið smali. Við því fær hann mjög óljóst svar og svo þögn. Seinni hlutinn virðist renna betur, að frátalinni þögninni sem ríkti á undan reynslusögu Einars og eftir spurningu Ólafs.

Samtalstækni:

1. Örvun er tiltölulega lítil og engin þegar þögn ríkir. Hvorugur notar orð eða föst orðasambönd eins og t.d. *já, er það* til þess að láta samtalið ganga.
2. Ekkert er um frammígrip eða hik. (Eins og algengt er í talmáli.)
3. Spurningar eru þrjár og er Ólafur spyrjandi í öll skiptin.
4. Talmálseinkenni og málsnið: Einar notar *Ójú* og kallar Ólaf *drengurinn minn* og *ormurinn þinn* sem er ef til vill einkenni á tali eldra fólks við ungmenni. Merking seinna orðsins er fremur neikvæð, þó má segja að þessi athugasemd sé góðlátleg miðað við aðstæður. Hann endurtekur orðið *aldrei* til þess að leggja áherslu á orð sín. Það er einnig einkenni á tali fullorðins manns við barn.

Samvinnulögmál:

Ekki er hægt að segja að framlag Einars til samtals félaganna sé eins og best verður á kosið. Hann brýtur reglur sem ríkja í samtölum fólks, þ.e. að gefa eins nákvæmar upplýsingar og beðið er um. Einar svarar spurningu Ólafs með orðunum: *Var og var ekki*. Þetta er ekkert svar og jafngildir þögn. Einar gefur einnig nákvæmari upplýsingar en viðmælandinn ætlast til með því að segja honum sögu sem verður til þess að Ólafi líður mun verr en áður. Einar tekur ekki tillit til þess að Ólafur er barn og hugsar ekki um líðan hans. Hann snýr líka út úr fyrir Ólafi þegar hann segist ekki *halda* að tröll séu til, hann *viti* það. Tilsvar hans er fullyrðingasamt.

Til athugunar:

• Snúðu beinni ræðu (í einum þætti samtalsins) í óbeina. Hvaða breytingar verða á notkun fornafna?

- Er munur á máli yngra og eldra fólks? Skoðaðu orðfæri þeirra félaga með tilliti til þess.

Verkefni - orðræðugreining

Nemendur geta spreytt sig á að greina annað samtal þeirra Ólafs og Einars (58-59). Þeir fá eftirfarandi fyriræli:

Greinið orðræðu Ólafs og Einars og reynið að hafa hliðsjón af eftirfarandi atriðum:

1. Lotur (segðir). Skiptið samtalinu niður í lotur og segið hvernig lotuskripti verða (hæg/hröð).
2. Umræðuefni. Hve mörg eru þau? Hvor byrjar samtalið? Á hvern hátt er það gert? Hvor skiptir um umræðuefni? Hvernig er það gert? Hver ræður?
3. Örvun er ákveðin samtalstækni, hlustandi gefur til kynna með hljóði eða orðum t.d. *já, einmitt, það er rétt* að hann fylgist með orðum viðmælanda. Hvað er það sem knýr áfram samtali Ólafs og Einars? Gefa þeir til kynna að þeir skilji hvor annan?
4. Gefur hvor um sig eins nákvæmar upplýsingar og beðið er um. Eru þeir torræðir eða tvíræðir? Stuttorðir eða langorðir? (Sbr. samvinnulögmál Grice.)
5. Skoðið setningarnar. Hvað er að segja um svör Einars?
6. Orðanotkun - málsnið. Hvað einkennir orðaval Einars? Skilur Ólafur öll orðin sem hann notar? Birtir orðanotkun félaganna aldursmun þeirra og ef svo er á hvern hátt?
7. Samtalslok. Hvor lýkur samtalinu? Á hvern hátt er því lokið? Gerist það skyndilega eða deyr samtalið út á eðlilegan hátt? Er einhverju ósvarað?

Talmálsleg einkenni í orðræðu

Málsnið talaðs máls einkennir að mörgu leyti frásögnina um ættarsöguna. Sögumaður notar iðulega orð eins og *já, auðvitað, líka, svo* o.s.frv. Hugsanir sögupersóna eru talmálslegar og líkjast mjög talshætti (eða upphrópunum) sem helst birtist í beinni ræðu, sbr. *Æijá* (47). En hvernig þurfa samtöl að vera til þess að þau líkist eðlilegu máli? Ljóst er að ýmis talmálsleg orðatiltæki og notkun ýmiss konar smáorða gefa orðræðu trúverðugan blæ. Nefna má *ahgoti* í máli landpóstsins (43-44), upphrópanir eins og *ussus fúsus* og *æ* í orðræðu húsfreyjunnar á Borg (113), *ah* sem oftast skreytir mál Daða á Felli auk orðsins *jæja* sem víða er notað. Önnur atriði talmáls eins og endurtekningar í máli manna tíðkast enn fremur í ríku máli.

Til athugunar:

- Veldu þér eina persónu og skoðaðu málfar hennar. Dæmi: Landpósturinn (43-44), séra Jón Grímsson, Daði á Felli, Salómon og Sigríður á Hnausum, Vigdís, Páll frá Skuggadal, Hákon frá Beylubúð eða Loftur.
- Athugaðu samtalið vinnukvenna í Stóru-Tungu (51). Hér má athuga símat á skilningi, þ.e. hvernig það kemur fram í máli Ketilbjargar og Ljómu. Brýtur Halldór litli óafvitað samtalsreglur? En Kristín?
- Athugaðu orðaskipti séra Jóns og Ólafs þ.m.t. framtíðaráformin (45, 46, 54 og 57).
- Berðu saman orðræðu kvenna og barna (177-178).
- Berðu á sama hátt saman orðræðu kvennanna (177-178).

V.

Orðskýringar

8. **lúta** kvk = sérstakt strengjahljóðfæri.
9. **knérunnur** = ættarlína, niðjar í beinni röð niður eftir.
10. **húsarajakki, húsari** = léttvopnaður riddari.
11. **kinrok** hk = svart fingert efni (kolefni) sem myndast við ófullkominn bruna kolefnisríkra lífrænna efna, notað til iðnaðar.
12. **Klettafjallaskáldið** = Hér er átt við Stephan G. Stephansson ljóðskáld 1853-1927. Hann fluttist tvítugur að aldri til Vesturheims þar sem hann var bóndi. Eitt af fyrstu kvæðunum sem hann birti og vakti athygli hét *Klettafjöll* en hann bjó síðustu æviár sín í Alberta-fylki í Kanada austan Klettafjalla, stutt frá bænum Markerville.
Jack London = Bandarískur rithöfundur (1853-1927).
13. **arpeggio** = (í tónlist) að leika samtímis hljóman mishárna tóna (venjulega þriggja eða fleiri).
18. **hema** so. = kominn þunnur ís á pollinn
21. **Jörfagleði** kvk var árleg skemmtun haldin á Jörfa á Snæfellsnesi, bönnuð fyrir „siðleysi“ á 18. öld. = taumlaus léttúðarskemmtun
soldáta = rifill
há kvk = hrosshúð
út með Vatni = Í Vatnsmýrinni
23. **snússa sig** = taka í nefið (beint úr pontunni), snúss=neftóbak
24. **Magnús Stephensen** 1762-1833. Hann var mestur boðberi fræðslustefnunnar á Íslandi.
ríða röftum, raftur= viðarrengra í hús-, torfbaki, milli mæniáss og veggglægju (til að halda uppi torfi). Getur einnig merkt allstór staur.
26. **sálugjöf** = gjöf fyrir eigin sálu eða annarra, gjöf til þurfamanna.
pápíska kvk = kaþólska.
hríðarsveljandi, sveljandi kk = kaldur, allhvass vindur.
27. **legutollur** = gjald fyrir gistingu (**leg** hk. = legustaður, bæli).
28. **hára** = gefa ögn af heyi.
skoltur kk = kjálki.
29. **brekán** hk = ofín rúmabreiða.
með hýrri há = glaður.
skæni hk = þunnur ís.
30. **kafía** kvk = slagkápa, kápa með stórum kraga, einkum notuð til ferðalaga.
31. **fjörbaugsgarður** = brottrekstur úr landi um þrjú ár með sérstökum skilyrðum.
afmorsvers, afmor = ást, ástarguð = ástarvísa.
32. **stauta** = lesa hægt og seint, benda á bókstafina með tein eða prjóni. (No. **staut, stautari**.)
33. **kverkhilla, kverk** kvk = horn, kriki.
34. **sítja hefðarbekk** = sæti næst grátum í kirkju, **grátur** = 1. altarisgrindur 2. knébeður sem kropsið er í við altarisgöngu.
trogstöðull = trýjusöðull, sérstök gerð kvensöðuls.
35. **raftur** = . Sjá skýringu bls. 24.
það var ekki mulið undir hann = lífið lék ekki við hann, hann bjó við erfið kjör á uppvaxtarárunum.

37. **accelerando** = (í tónlist) með vaxandi hraða.
subido = strax.
myrra kvk = sérstakt ilmefni úr plöntusafa.
ljúflingur = huldumaður, álfur.
38. **keyta** kvk = staðið (geymt) hland (notað meðal annars til þvotta).
39. **hrjóða** (hrauð, hruðum, hroðið) = tæma.
40. **renna á stöðul, stöðull** kk = staður þar sem kvíær eða kýr voru mjólkaðar.
42. **rysjutíð** = umhleypingar, óstöðug veðráttá.
44. **fanfari** = (í tónlist) skrautleg trilla þegar lúður (trompet) er þeyttur.
trilla = hröð endurtekning á tveimur tónum, aðaltóni og næsta tóni við, höfð til skrauts í tónverki.
47. **votaband** hk = blautir baggar, hey sem bundið er á votri slægju og flutt burt til að þorna.
hreyta taði = dreifa húsdýraáburði (einkum þurrkuð mykja).
bitabarn, vera bitabarn e-s = að þiggja matgjafir e-s af e-m.
48. **fylgja fötum** = klæðast.
50. **bresta á með ringjum, ringur** kk = rykkur (í rímnalögum merkir orðið það að söngmaður (kvæðamaður) fer úr einum tón í annan og syngur óhreinan tón milli þeirra.
53. **hómópati** kk = ólærður læknir.
gaula í belg = syngja hugsunarlaust, í samfelldri bunu.
56. **gjörningapoka, gjörningar** (ft) = galdrar, fjölkynngi.
nykur kk = dularfull hestskepna sem á að lifa í vötnum og hlaupa með menn í þau.
57. **berja fótastokkinn** = berja fötum að síðum hests (á hestbaki), **fótastokkur** = fótþjötur.
58. **mörsugur** = þriðji mánuður vetrar, hrútmánuður, hefst miðvikudaginn í 9. viku vetrar (20.-26. desember, í rimspillisárum 27. des.).
60. **hróf** hk = hrörlegt hús; skúr, skýli.
hnappelda = haft (til að setja á framfætur hesta).
61. **höfuðsótt** = vanki, sullaveiki í höfði.
með boðaföllum, boðafall hk = það að bylgja brotnar á boða, blindskeri, grunni; brotsjór.
þóttufullur, þóttá = þófta = borð um þveran bát (til að sitja á við róður).
64. **vígsluvé, vé** hk = bústaður, helgidómur (heiðinn helgistaður).
65. **hregg** hk. = óveður, stormur með úrfelli, él.
68. **bílæti** hk = mynd.
75. **sé larður** = Orðasamband: **E-m sígur larður** (sé= þt. af síga) = þreytist, dofnar, missir móðinn. Merking orðsins **larður** er óljós en tengist e-m líkamshluta eða e-ð líkamanum tengt t.d. endagörn eða saur.
fara í krumlu eða krók við e-n = togast á við e-n með því að krækja krepptum fingrum sínum í fingur hans.
79. **sneyðast** = minnka, rýrna.
82. **sytra** kvk = uppspretta, lækjarspræna.
84. **ugla** = krókur.
85. **banghagur** = sæmilega hagur til smíða, laghentur á einföldustu hluti.
þæfa = berja.
86. **snitt(i)** hk. = skrufugangur, gerð eða lögung skrufugangs.
87. **deigla** = málmbræðsluflát, sbr. *e-ð er í deiglunni* = e-ð er í undirbúningi, mótun.

89. **alópati** = grasalæknir (?).
grassía = einhvers konar jurtaseyði notað til lækninga.
90. **tönnur** ath. hér **ö** í stað **e** í fleirtölumyndinni.
91. **höndlun** = að höndla, meðferð sbr. meðhöndlun. Hér merkir orðið verslun.
93. **gerðabók** = embættisbók, þingbók, fundargerðabók.
95. **hjölur** kvk ft. = eignir, fóður.
101. **ríða skæting** = ríða allgreitt.
hrútsmagáll, magáll = slög, kviðvöðvar (af slátruðu dýri).
pottbrauð = rúgbrauð bakað í eða undir potti (í hlóðum, við glóð).
102. **hyskinn** = latur, svikull við verk.
104. **óværa** = órói, óróleiki, hér lýs, flær.
mórend = með móleitum röndum. **Mórent vaðmál** var röndótt vaðmál og lögmætur gjaldmiðill, var í tísku fram á 13. öld.
hrossamóða = ryk og hrosshár á fötum.
hark = pústrar, hrindingar.
105. **glúpna** = komast við, vikna, beygja af.
hyski = fjölskylda, heimilisfólk, getur einnig merkt: ómögulegt fólk, illþýði.
106. **vinnuhjúaskildagur** = 14. maí, sá dagur þegar vinnuhjú koma í vist eða fara úr henni.
109. **ystingur** = yst mjólk, ystur mjólkurgrautur (**að ysta** = hleypa).
112. **skjálgur** = rangeygður.
113. **meis** = rimlakassi sem hey var borið í fyrir gripi.
117. **strekkja** = leggja kapp á að komast e-ð, á e-n ákveðinn stað.
hrossabrestur = skella, tæki til þess að fæla burt hross.
121. **ketkrof** = kviðristur innanúrtekinn skrokkur af slátraðri skepnu. Lamskrof = afturhluti af skrokki slátraðs dýrs.
122. **málnyta** = samanlögð mjólk mjólkandi kúa (og áa) í eitt mál á bæ.
að brýna bátnum = setja bát stutt, kippa báti aðeins undan sjó.
125. **stínga kvint, kvintur** = fimmund; efsti strengur á fiðlu; kvintsöngur fimmundarsöngur, söngur byggður á 5 nótnasæta tónbili, t.d. ísl tvisöngur.
stagla í sig = háma í sig.
fjöl múlavíl = fyrirhöfn, (hávaðasamt), vafstur; (gesta)þraut. Uppruni orðsins er óljós.
127. **hrútkægill** = lítið lamb.
128. **ídráttarkengur, kengur** = lykkja.
129. **hnúta** = bein, leggjarendi, gildasti huti leggs við liðamót.
130. **Þjóðólfur** var fyrsta íslenska stjórnmála- og fréttablaðið, kom fyrst út hálfsmánaðarlega en síðar vikulega frá 5. nóvember 1848 til 1912.
131. **skil** = bil milli þráða sem skyttan rennur um þegar ofið er.
vaðmálsbura = bura er kvenúlpa, krækt að framan með háum kraga. Hér léleg úlpa.
134. **tærilátur** = hreinlegur.
136. **rimmugýgur** = öxi (orðið merkir bardagaskessa).
skæði = sniðið tilskorið skinn í skó; skinnskór.
fastelja (kvk) = reykur eða stybba af földum eldi. **Fasti** merkir eldur.
þóf (hk) = það að þæfa, það sem þæft er (**þæfa** = að hnuðla nýjar (bleyttar) ullarflíkur (t.d. þrjónaðar) þannig að þær hlaupi saman og verði sterkari og hlýrri).
137. **rifahjarn** = bárótt hjarn.
- vera óbryddur** = er ekki með brodd(a) á.
138. **skera** = slátra.
141. **lummuflas** = brennivín á flösku, **lumma** er vasi á flík (orð frá 18. öld).

143. **vaninhyrndur** = hrútur með vanin horn, sem hornin hafa verið bundin saman á á unga aldri til að þau yxu í ákveðna stefnu.
reisla (kvk) = sérstök vog, vog með löngu skafti og einu lóði.
afl (kk) = eldstæði (eldur) í smiðju.
belgur = smiðjubelgur, fýsibelgur.
144. **ómerkingur** = e-ð sem er ekki markað, finnst ekki eigandi að, einkum ómarkað lamb.
ríxort (hk) eða **ríkisdalur** = mynteining, í ríkjum Danakonungs (m.a. á Íslandi) venjulega 96 skildingar, hálf spesía.
149. **trússhestar** = áburðarhestur (einkum með föggur ferða- og fjallmanna).
tengingsfet, **tenings-** = forliður í rúmmálseiningum, **fet** = (fótlengd) lengdarmál, hálf alin.
enskt pund = þyngdareining þ.e. 453,59237 g.
sneiðingur (kk) eða **sneiðgata** = gata sem liggur skáhallt (upp brekku).
151. **rísa upp við dogg** = rísa upp til hálfis (í hvílu sinni), **doggur** = keila, lítil (lóðrétt) stoð eða brík (?).
152. **söðulbogi** = sveigður armur á kvensöðli til að veita stuðning.
157. **riklingur** (kk) = lengjur af heilagfiski og steinbít hertar eða ætlaðar til herðingar.
158. **rannur** (kk) = bústaður, herbergi.
159. **altillegur** = mjög alúðlegur, blátt áfram.
Brekubær = er talinn hafa verið á þeim stað sem nú er húsið Vinaminni í Mjóstræti í Grjótaþorpi.
160. **praktport**, **prakt** = viðhöfn.
fítónskraftur, **fítón(n)** = reiði, æði, berserksgangur.
161. **sexæringur** = bátur með sex árar.
164. **höfuðsótt** = sjá bls. 61, **höfuðsóttarkind** = vönkuð sauðkind.
bos = bæli, flet, rúm.
167. **fyrirband** = band sem hnýtt er t.d. fyrir pokaop.
168. **faktor** = verslunarstjóri (við danska selstöðuverzlun).
176. **dálkur** = hryggur í fiski.
177. **þjátur** (hk) = blikk, málmblendingur af sérstakri gerð.
178. **óbermi** = afstyrmi, úrhak.
glúpna = mýkjast (sjá einnig bls. 105 hér að framan).
179. **stíga við stokkinn** = sérstakur leikur við börn, haldið í báðar hendur barnsins, það látið stíga til skiptis í fætuna og hallast til hliðanna án þess að hreyfa sig úr stað.
188. sjóferðarvers eftir Hallgrím Pétursson.
190. **balalækur**, **bali** = harður, sléttur grasvöllur.
192. **kíninduft**, **kínin** = lyf, einkum gegn hitasótt, unnið úr berki kínatrés.
199. **dagfar** = dagleg framkoma, breytni.
202. **húðlát** = húðstrýking.
eyktarmörk = skil eða mörk milli eykta (tímanum var skipt í **eyktir**, þ.e. þriggja klukkustunda tímabil).
203. **Tabernaklinu** = helgur staður, baltistakirkja eða guðshús mormóna
teðja = bera mykju á, bera tað á.
204. **miðdiki** (hk) = miðbik
að ægja við = hræðast, e-m ógnar e-ð.
knúsmala = gersigra e-n, **knúsa** merkir að mylja.
205. **flesja** = lág slétta.
207. **krá** = afkimi, horn, krókur.

- salli** = duft, moð, e-ð smámulið.
falsetta (kvk) = sérstök tegund af háum tóni, hálstönn.
210. **miðmundi** (kk), **allir þeir er nokkur m. var að** = þeir sem e-s álits nutu, máttu sín e-s.
guðvefur = dýrt klæði, sliksilki.
skarlat = sérstakur vandaður ullarvefnaður (í ýmsum litum, oft rauður).
211. **seminar** = sérstakt námskeið í háskóla þar sem nemendur ásamt kennara taka eitthvert tiltekið efni til gaumgæfilegrar athugunar.
hánessa = morgunmessa, hátíðleg guðþjónusta (kaþólsk).
prósessía = skrúðganga, syngja prósessíu: syngja og ganga í skrúðfylkingu.
212. **einherjar** (ft) = fallnir hermenn sem farið hafa til Valhallar og berjast með Ásum gegn jötnum og öðru illþýði í ragnarökum.
213. **vesöld** = volæði, eynd.
219. **sannkristinn** = vel kristinn, rétrúaður, santrúaður.
sálnahirðir = prestur.
handbendi = þægur þjónn, skósveinn, leppur.
únítari = maður af sérstökum lúterskum trúflokki (jatar trú á einn guð, ekki þrenninguna né guddóm Kristis).
rykkilín = hvítur, ermavíður og skósíður serkur, hluta af messuskrúða prests.
hökull = hluti af messuskrúða prests (utan yfir rykkilíni) venjulega skreyttur (m.a. með skrautsaumum krossi).
222. **norpa** = híma, vera kalt.
pellklæði = fataefni, líklega skinn.
223. **rafabelti** = feitasti hluti heilagfiskis.
225. **rjástlast, e-ð rjástlast af e-m** = e-m batnar e-ð smám saman.
skæði = skinn í skó.
226. **hollvinur** = góðvinur.
hélaður = hrímaður.
bura = úlpa.
brekán = ofin rúmábreiða.
227. **selflytja** = flytja í mörgum ferðum.
eltiskinn = skinn sem gert hefur verið hvítt og mjúkt.
228. **antigna** (so) = biðja bölbæna; hæða, svívirða, lasta.
að standa í þófi, þóf (hk) = þref, þjark, karp: langvinn viðureign sem leiðir ekki til úrslita.
228. **svað** = leðja.
hnjóta, hnaut, hnutum, hnotið = detta hálfvegis, hrasa.
álpast = flana, aulast e-ð.
233. **skammorf** = skaft eða handfang á torfljá.
afl = eldstæði í smiðju.
þjó = aftasti hluti ljás.
nóstokkur = stokkur með vatni til kælingar (í smiðju).
236. **finngálkn** = furðusagnakvikindi, maður að ofan en dýr að neðan; afkomandi tófu og kattar.
238. **klámhögg, klám** = grófgert illa unnið verk.
245. **fallera** so. eignast barn í lausaleik.
246. **þverskallast** = þrjóskastr.
blygðunarleysi = ósvífni, að kunna ekki að skammast sín.
247. **beðmál** (hk, ft) = rekkjuhjál (karls og konu).
249. **gníari** = danska orðið **gnier** eða nirfill.

- svipugöng** = sérstök refsingaraðferð. **Ganga svipugöng** = sökudólgur rekinn áfram milli tveggja raða hermanna sem börðu hann áfram með reyrtaf eða keyri.
250. **kaptugi** = kaffeinn, skipstjóri.
prótókollur = gerðabók, embættisbók.
kumpán = félagi, kunningi.
nóbílismenn (socius nobilitatis) = menn af tignum ættum.
254. **flaumósa** = að vera með óðagot, óðamála.
255. **hausamót** = höfuðmót þar sem hauskúpubein mætast (að þruma yfir hausamótum e-s).
256. **framvinda** = atburðarás, ferli, þróun.
257. **glóð** = sterk ástríða, skaphiti.
258. **hláka** = þíðviðri, snjór og ís bráðnar.
263. **að kasta tólfunum** = að keyra úr hófi fram. **Tólf** (hk ft) = tvennir, fernir eða fleiri *sex* í teningskasti.
264. **ílendast** = sem hefur fengið sér fastan samastað.
samkrull = samsull, að blanda því saman sem á varla saman.
hjara = draga fram lífið, tóra.
266. **gógla** = tyggja, japla á.
273. **primus inter pares** = (lat.) fremstur meðal jafningja.
276. **draf** = maltúrgangur, matarmusl, sori.
277. **frolla** sbr. sænska **fryllig** = hrukkaður.
282. **flatbytna** = flatbotnaður bátur.
286. **rífa e-ð í hengla** = rífa í ræmur, tætlur.
289. **Víðirnes** = nes fyrir sunnan Gimli við Winnipegvatn (einnig Víðirnesbyggð, Víðirá).
291. **andakt** = helgiathöfn.
293. **hrönn** = ílöng dyngja (hrúga, haugur) sbr. **í hrönnum** = í hópum.
mús = enska orðið **moose** (borið fram *mús*) = elgur.
294. **forhlað** (hk) = skilrúm (plata úr pappa e.þ.h.) milli púðurs og kúlu (hagla) í skothylki.
krassi (kk) = þjappi, stöng til að þjappa saman púðri með forhlaði í framhlaðningi.
305. **kolbrandur** = holdfúi.
meiður = kjálki á sleða, rennslubjálki undir sleða.
spyrða (kvk) = kippa.
gullauga = sérstakt kartöfluafrbrigði.
311. **árgæska** = gott árferði.
móðna = þroskast.
312. **rar** = sjaldgæfur, (hér) einkennilegur.
skrínur = hlíf, skermur (enska orðið **screen**).
313. **spýta** (skinn) = strengja, þenja út og festa með trépinnum eða nöglum.
319. **spilkoma** (kvk) = (matar)skál úr leir; hankalaus bolli.
323. **grástrútóttur, strútóttur** = (um lit hunda) með hvítan háls en dökkur að öðru leyti.